



Frímúrarinn

Fréttablað Frímúrarareglunnar á Íslandi



Viltu efla þína fjárhagslegu heilsu?

Kynntu þér allt um sparnað hjá Íslandsbanka

LEIÐARI RITSTJÓRA

Á eins manns fundi

Árið 2024 hefur reynst viðburðaríkt í íslensku samfélagi. Þjóðin hefur tvívegis gengið að kjörborðinu og valið sér nýjan þjóðhöfðingja og nýtt þing. Þannig hefur fólk bæði nýtt sinn dýrmætasta rétt, en einnig sinnt mikilvægri skyldu. Kosningarétturinn er heilagur og grundvöllur lýðræðisins sem er hyrningarsteinninn í hverju vestrænu samfélagi en honum fylgja um leið skyldur. Hver og einn kjósandi þarf að leggja á sig ferð á kjörstað, og fæstir leyfa sér að greiða atkvæði öðruvísi en að velta alvarlega vöngum yfir því hvernig atkvæðinu skuli ráðstafað.

Að lokum fæst niðurstaða. Og hún er sameiginleg. Hver og einn leggur sitt af mörkum, eitt atkvæði og þegar allt er talið fæst niðurstaða sem þjóðin sættir sig við. Vissulega eru skiptar skoðanir, bæði fyrir og eftir kosningar. En sátt er um ferlið og þeir sem telja sig bera skarðan hlut frá borði, vita að innan 48 mánaða verður gefið upp í nýjan kapal. Sú staðreynd að valdatíð einstakra manna og flokka er afmörkuð stund, er hluti af því að tryggja sáttina sem svo miklu skiptir.

En í þessu ferli er það eitt stundarkorn sem meira máli skiptir en önnur. Það er tímamunkturinn þegar við, þjóðin, skundum inn í kjörklefann, og gerum upp hug okkar. Þar er enginn nema kjósandinn einn. Hann er einn með sjálfum sér. Og þar má segja að hann gangi til fundar við sjálfan sig og samvisku sína.

Þá er mikilvægt að hafa rannsakað hug sinn og finna sátt með sjálfum sér um það hvern skuli styðja á þeim tímapunkti og til komandi fjögurra ára. Atkvæðið hefur afleiðingar. Flestir skynja að í kjörklefanum og kjördeildinni felast tímamót. Þegar atkvæðið er komið í kjörkassann verður ekki aftur snúið, eða ákvörðuninni breytt.

Og við mættum minnst þess, hvert og eitt, að stundir sem þessar koma oft upp en margur hyggur. Margar ákvarðanir sem við tökum, orð sem við látum falla, verða ekki aftur tekin, en geta haft afleiðingar, jafnt fyrir okkur sjálfa en einnig annað fólk.

Af þeim sökum má fullyrða að maðurinn þurfi oft að ganga til fundar við sjálfan sig. Slíka fundi ber að taka alvarlega, enda efni þeirra sjaldan léttvægt. Verkefnið er að átta sig á hvenær fundarboðið berst og hvert efni fundarins er í hverju tilviki fyrir sig. ✨

EFNISYFIRLIT

- 3 **Leiðari**
- 4 **Forsíðumyndin**
- 6 **Reglan lík meðferðarheimili**
Eldur Ólafsson
- 14 **Golfklúbburinn Frímenn**
- 18 **St. Jóh. Snorri heldur kynningar vítt um landið**
- 20 **Hugvekja æðsta kennimanns**
- 22 **Tengsl sem ekki rofna**
Árlegt adventukaffi fyrir ekkjur frímúrara
- 24 **Íslenskur bróðir tekur við stjórn enskrar stúku**
- 27 **Húsnæði Reglunnar endurbætt**
- 28 **90 ára afmæli**
Elsta Andrésarstúkan fagnar afmæli sínu
- 31 **Frímúrarasjóðurinn leggur lið**
- 32 **Einstæð þýðing**
Grundvallarskipan Andersons þýdd á íslensku
- 36 **Fjölmenni á opnu húsi í Regluheimilinu**
- 38 **In Memoriam**
- 40 **Fræðslufundur á meistarastigi**
- 43 **Ljósmyndasýning í bræðrastofu**
- 44 **Hundrað ár frá fæðingu Friðþjófs Sigurðssonar**
- 48 **† Walter Schwartz**
- 51 **Ávarp SMR**
- 52 **Heilög móðir jörð**
Hugvekja

Frænka eldfjalls og íshafs



Í lok árs 2019 hófst jarðskjálftahrina á Reykjanesi. Í mars 2021 opnaðist jörðin í Geldingadölum og síðan þá hafa landsmenn horft upp á 10 eldgos á tiltölulega afmörkuðu svæði. Sum þeirra hafa ógnað lífi og limum fólks og orðið til þess að ríma þurfti Grindavík með ófyrirséðum afleiðingum. Enn veit enginn hversu lengi þessir miklu atburðir munu vara en ljóst er að þeir hafa mótað sögu lands og þjóðar með afgerandi hætti.

Þeir minna einnig á sambýli manns og náttúru og hversu agnarsmár hann getur orðið reynst þegar hún lætur á sér kræla. Þessa hafa Íslendingar minnst á öllum öldum og yfirskrift þessa texta er einmitt sótt í ljóð Stephans G. Stephanssonar, Klettafjallaskáldsins þekktu, sem yfirgaf föðurlandið og byggði sér og fjölskyldu sinni nýja framtíð í Vesturheimi þegar harðindi höfðu í raun stökkt stórum hópum Íslendinga á flóttu frá heimahögum.

Náttúran bæði gefur og tekur og í þessu tölublaði Frímúrarans er að finna athyglisverða hugvekju frá Alberti L. Albertssyni, fyrrum stólmeistara Sindra í Reykjanesbæ þar sem hann setur jarðhræringarnar sem við upplifum nú í nýtt og athyglisvert samhengi.

Og forsíða blaðsins er einnig tileinkuð þessum miklu atburðum. Þar leitum við í smíðju eins merkasta ljósmyndara samtímans, Ragnars Axelssonar, sem fyrir löngu er orðinn þekktur um allar álfur fyrir ljósmyndir sínar af náttúru og samfélögum norðan heimskautsbaugs. Bækur hans og sýningar fara sigurför um heiminn og enn vinnur hann að því að skrásetja hverfandi veiðimannasamfélög í Síberíu, Lapplandi, á Grænlandi og víðar.

Á síðustu áratugum hefur Ragnar, eða RAX eins og hann er oftast kallaður, fangað á filmu flesta ef ekki alla stórviðburði hér á landi. Það á einnig við um eldgosakeðjuna á Reykjanesi. Þar stoðar óneitanlega að hann er í hópi reynslumestu flugmanna og hefur í gegnum tíðina veitt landsmönnum yfirsýn yfir atburði og náttúru, jökla, ár og fjöll úr þeirri áttinni. Löngu áður en svokallaðir drónar urðu almenningsseign og eitt af mikilvægustu verkfærum ljósmyndara.

Þegar Frímúrarinn leitaði til Ragnars rifjaði hann upp að faðir hans, Axel Þ. J. Sölvason, var bróðir í stúkunni Eddu og á hann margar góðar minningar tengdar starfi föður síns á þeim vettvangi. ✨

Frímúrarinn

Fréttblað Frímúrarareglunnar á Íslandi
2. tbl. 20. árg.
Desember 2024



Útgefandi

Frímúrarareglan á Íslandi
Bríetartún 3
Pósthólf 5151, 125 Reykjavík
frimurarinn@frimurarareglan.is

Ábyrgðarmaður

Guðmundur Kr. Tómasson, YAR

Ritstjóri

Stefán Einar Stefánsson

Ritstjórn

Bragi V. Bergmann
Magnús Lyngdal Magnússon
Skúli Unnar Sveinsson
Stefán Bogi Sveinsson
Þórhallur Birgir Jósepsson

Auglýsingar

Erling Adolf Ágústsson
Andri Stanley Sigurðsson
Jón Kristinn Jónsson

Hönnun og umbrot

Hörður Lárusson

Forsíðumynd

Eldgos á Reykjaneskaga.
Ljósmynd: Ragnar Axelsson, RAX

Prentun

Litlaprent ehf.

Pappír

Amber 240 g. / 100 g.

Letur

Tundra Pro

Efni þeirra greina sem birtast í blaðinu er á ábyrgð höfunda og þarf ekki að endurspeglu stefnu Frímúrarareglunnar á Íslandi.



ÞJÓNUSTA VIÐ RANNSÓKNARSTOFUR Á HEILBRIGÐISSVIÐI



Reglan lík meðferðarheimili

Höfundur: Stefán Einar Stefánsson
Ljósmyndir: Stefán Einar Stefánsson og Amaroq

↑ Eldur Ólafsson.

Ekki er allt gull sem glóir. Það þekkja fáir Íslendingar betur en Eldur Ólafsson sem síðasta áratuginn hefur unnið hörðum höndum að uppbyggingu fyrirtækisins Amaroq sem heldur á umfangsmestu leyfum gulleitar á Grænlandi. Teygja þau sig eftir suðurhluta þessarar stærstu eyju heims og ná raunar yfir aðra mikilvæga og fágæta málma sem eru lykillinn að þeirri lífsgæðasókn sem við upplifum í dag.

Eldur er jarðfræðingur að mennt en mitt í hinum miklu önnum við uppbyggingu Amaroq, sem nú er skráð á skipulegan hlutabréfamarkað í þremur löndum, á Íslandi, í Kanada og Bretlandi, knúði hann dyra í reglustarfínu. Hann gekk í frímúrarastúkuna Glitni árið 2018. Í dag er er hann vara eldri stólvörður í St. Andrésarstúkuni Heklu. Það fer vel á því að jarðfræðingur gegni trúnaðarstörfum í stúku sem ber það virðulega heiti.

Tveir mikilvægir meðmælendur

En Glitnir varð ekki fyrir valinu fyrir tilviljun. Tengdafaðir Elds, bróðir Kristján Jóhannsson var á sínum tíma stólmeistari þeirrar stúku og gegndi því embætti á árunum 2008 til 2014 eða til þess tíma er hann var vígður R&K og tók sæti í æðstaráði Reglunnar. Hann mælti með Eldi inn í Regluna ásamt föður hans, Ólafi Einarssyni, hinni þekktu handboltakempu. Hann er í St. Jóhannesarstúkuni Röðli á Selfossi en hann hefur um áratugaskeið verið með búrekstur og upptökuheimili á bænum Torfastöðum í Biskupstungum.

Og þegar tíðindamaður Frímúrarans nær loks á Eld, þar sem hann endasendist á milli landa í undirbúningi fyrir fyrstu gullvinnsluna úr námu Amaroq sem nefnist Nanaluq, hverfur hugurinn að sjálfsögðu fyrst til uppvaxtaráranna heima á bæ þar sem alla jafna var mikill handgangur í öskjunni.

„Ég er fæddur og uppalinn á Torfastöðum í Biskupstungum. Foreldrar mínir eru þau Drífa Kristjánsdóttir og Ólafur Einarsson. Þau voru bæði alin upp á mölinni en kynntust þegar þau störfuðu á Unglingameðferðarheimili ríkisins sem afi minn, Kristján Sigurðsson stofnaði á sínum tíma.“

Ólafur var á sinni tíð meðal fræknustu handboltakappa landsins og keppti fyrir Íslands hönd á hinu stóra sviði auk þess að sinna atvinnumennsku erlendis. En starfið sem tengdafaðir hans kom á laggirnar átti eftir að móta líf hans og Drífu, og raunar barnanna þeirra þriggja með meira afgerandi hætti en nokkurn gat grunað. Gefum Eldi aftur orðið:

Nýjar aðferðir ryðja sér til rúms

„Þegar afi stofnar meðferðarheimilið voru þau úrræði sem voru til staðar fyrir börn sem lent höfðu í vandræðum lítil sem engin. Það var komið fram við þau eins og fullorðna einstaklinga og besta lausnin var talin að koma þeim bara sem lengst í burtu. En þarna voru nýjar aðferðir að ryðja sér

Í stuttu máli

Eldur er kvæntur Guðrúnu Helgu Kristjánsdóttur fatahönnuði og eiga þau þrjú börn. Þau eignuðust fyrstu dóttur sína, Ísey, meðan á dvöl þeirra í Kína stóð. Það var árið 2010. Þau gengu í hjónaband árið 2011 þegar þau voru 25 og 24 ára. Grímheiður er önnur dóttir þeirra fædd árið 2014. Ingibjörg Drífa er þriðja barnið og hún er fædd 2019.

Eldur gekk í Frímúrararegluna á Íslandi 12. desember árið 2018. Móðurstúka hans er Glitnir. Hann hlaut inngöngu í St. Andrésarstúkuna Heklu 13. mars 2013. Þar hefur hann gegnt embætti varayngri stólvarðar.



til rúms og afi tileinkaði sér þær og þjálfaði ungt fólk, eins og foreldra mína upp í því einnig.“

Úr varð að Drífa og Ólafur fluttust út í sveit, en þangað hafði hugur þeirra og ekki síst hans stefnt lengi.

„Foreldrar mínir stofnuðu meðferðarheimili að fyrirmynd sem meðferðarheimili hafa síðan verið byggð upp, það er fjölskyldumeðferð sem vinnur upp með að foreldrar eru að koma og taka þátt í meðferðarúrræðunum og börnin fara heim að minnsta kosti mánaðarlega. Börnin taka þátt í lífinu, það er skóli í starfinu, þau taka þátt í gegningum, vinna í sveitinni og þar fram eftir götunum,“ útskýrir Eldur.

Fyrst í stað bjuggu þau að Smáratúni í Fljótshlíð en 1982 fluttist fjölskyldan sem þá hafði stækkað að Torfastöðum þar sem starfsemin var allar götur síðan. En það áhugaverða við þetta mikilvæga verkefni var að heimilið og heimilishaldið tvinnaðist saman við meðferðina.

➤ Eldur ásamt Guðrúnu Helgu, eiginkonu sinni, og dætrum þeirra þremur.

➔ Eldur ásamt einni dætra sinna á bryggjusporði í blíðskaparveðri á Grænlandi..



„Foreldrar mínir eru mjög ákveðið fólk og það tók ekki langan tíma að kenna börnum að segja takk og hegða sér. Það sem tekur tíma er að byggja upp traust og lifa lífinu áfram eftir hinu nýja formi. Það var til dæmis vaknað og húsverkin unnin, til dæmis að þrifa einhvern part af húsinu. Svo var farið yfir verkin og maður fékk plús eða mínus fyrir verkið, hvort það var vel unnið eða ekki. Þetta gerði það að verkum að heimilið varð heimili barnanna, ef stóll var brotinn þá var það stóllinn hjá mömmu og pabba en ekki einhverri stofnun.“

Segir Eldur að hann og systkini hans tvö, Björt og Fannar, hafi verið virkir þátttakendur í þessu öllu og raunar aldrei kynnst lífinu öðruvísi en í þessari hringiðu.

Skýr og góð gildi í barnæsku

„Við vorum mjög lánsöm, við vorum alin upp víð skýr og góð gildi og atlætið var gott. Ég er stundum spurður út í hvernig það hafi verið að alast upp við aðstæður sem þessar.



herra GARÐURINN

-klæðir þig vel

KRINGLAN / SMÁRALIND



← Eldur um borð í báti sem flytur hann frá byggðum og út í auðnina þar sem námur fyrirtækis hans eru staðsettar, syðst á hinu gríðarvífema Grænlandi.

Og ég get bara sagt að þetta voru upp til hópa frábær börn. Auðvitað urðu uppákomur sem þurfti að útskýra. En þetta voru bara óhörðnuð börn sem höfðu lent í erfiðleikum. Sum í skelfilegum aðstæðum önnur ekki. Þau börn sem komu frá góðum heimilum þurftu oftast skemmri tíma en önnur þurftu sannarlega á meiri aðstoð að halda. Erfiðustu málin voru án nokkurs vafa þegar stúlkur höfðu orðið fyrir misnotkun á heimilum sínum.“

Börnin dvöldu gjarnan í tvö ár á Torfastöðum og að hámarki voru þau sex á hverjum tíma. Eldur segir að stundum hafi þó komið bakslag í seglin eftir að dvölinni lauk og þá gerðist það stundum að börnin komu til baka, jafnvel þótt ekki fylgdu greiðslur frá ríkinu fyrir það. Þá varð mann margt á bænum og börnin fengu oft vinnu í sveitinni og lausn fundin til þess að gera sem best úr öllum hlutum.

Þannig leið æskan við leik og störf en Eldur fór sextán ára til Reykjavíkur og varð Menntaskólinn við Sund fyrir valinu.

„Ég var ofboðslega metnaðarlaus í náminu. Ég ætlaði mér bara að verða körfuboltamaður. En svo ákvað ég að fara í jarðfræði í háskólanum. Hestaferðirnar og sveitastörfin höfðu þar áhrif. En þegar í námið kom þá var ég ekki síst drifinn áfram af hagnýtri hlið jarðfræðinnar. Þar skipti námskeið um jarðhita miklu máli og þar átti ég reyndar eftir að drepa niður fæti þegar náminu lauk. Og það skipti líka máli að sjá hagnýtu hliðina á þessu því draumar mínir um að fylgja í fótspor stóra bróður að komast til Bandaríkjanna á skólastyrk og spila körfubolta urðu ekki að veruleika,“ segir Eldur þegar hann rifjar upp unglingsárin.

Það eru tiltölulega fáir jarðfræðingar sem útskrifast á Íslandi og því eru spurningarnar margar og stórar sem þarf

að svara. Eldur fékk því tækifæri til að rannsaka tækifæri í djúpborunum og það varð til þess að hann náði að selja lokaritgerðina sína til fyrirtækis sem nefndist Geysir Green Energy en þar var Ásgeir Margeirsson forstjóri.

Hafði líka verklega reynslu

„Hann réði mig í vinnu og kannski ekki síst vegna þess að hann vissi líka að ég hafði einhverja reynslu úr raunheimum, til dæmis það að leggja hitaveitu í sveitinni.“

Geysir var merkilegt fyrirtæki sem tók þátt í stórum jarðhitaverkefnum vítt og breitt um heiminn. Það var ekki bara þekkingin sem menn fluttu út heldur var aðkoman mjög mikil og víðtæk, tengdist meðal annars fjárfestingum í greininni og annað í þeim dúr.

Þessi verkefni leiddu Eld í verkefni á ótrúlega staði. Hann kom að stórum verkefnum í Kína, Þýskalandi, Filippseyjum, Kenía, Indónesíu, Níkaragúa, Nevada í Bandaríkjunum og víðar.

„Maður var sendur í þessi verkefni og þetta var bæði gríðarlega skemmtilegt og lærdómsrík. Þetta var á árunum 2007 til 2010. Þarna vorum við að rannsaka svæði, fá leyfi, tryggja fjármögnun, bora, fá fjármögnun og finna út úr því hvernig hægt var að tryggja fjárfestingarnar í þessum erfiðu löndum. Þannig lærði maður margt sem nýst hefur síðar og þarna kynntist ég líka mörgu mjög öflugum fólki sem hefur gert marga flotta hluti síðar. Má þar meðal annars nefna Guðmund Fertram Sigurjónsson sem síðar fór og stofnaði Kerecis á Ísafirði.“

Kína varð örlagastaður

Stærstu verkefni og áskoranirnar tengdust uppbyggingu jarðvarmaverkefna í Kína þar sem Eldur bjó um nokkurra missera skeið ásamt Guðrúnu konu sinni. Þar sá hann heilu svæðin umbreytast frá því að stóla einvörðungu á gas og kol við kyndingu húsnæðis til hinnar grænu lausnar sem við Íslendingar tökum eins og sjálfsögðum hlut.

Og það voru þessi verkefni, ekki síst samstarfið við kínverska ríkisorkufyrirtækið, sem áttu eftir að beina Eldi inn á nýjar brautir.

„Það skipti Kínverjana miklu máli að vinna með okkur og ég fann sterkt að þar hafði Ísland mikil áhrif. Ég áttaði mig þó aldrei almennilega á því hvað það var og fannst til að mynda magnað hvað stjórnvöld þar í landi héldu úti öflugum sendiráði hér á landi. En svo laukst það upp



↑ Svipmyndir af starfi og leik á Grænlandi þar sem fjölskyldan hefur dvalið talsvert síðustu ár en Eldur sínu mest.

fyrir mér. Áhuginn teygði sig lengra. Hann lá í hagsmunum tengdum stærstu eyju í heimi: Grænlandi,“ útskýrir Eldur.

Og hann gengur lengra og bendir á að allir hinir mikilvægu málmar sem hafa komið Kína á kortið og í fremstu röð á mörgum sviðum eru dreifðir vítt og breitt um heiminn. Þeir verða ekki allir sóttir í kínverska jörð.

„Þannig fékk ég áhuga á Grænlandi. Fór að beina sjónum mínum þangað. Og fyrst í stað var ég alveg einn í þessu. Þetta var í kringum 2014 og á sama tíma og hrávörumarkaðir voru í mikilli lægð. Fáir höfðu áhuga á þessu sviði af þeim sökum.“

En Eldur segir að hann hafi fljótt áttað sig á að þarna væru mikil tækifæri. Áskoranirnar sannarlega margar, meðal annars vegna skorts á flestum innviðum og landið harðbýlt en að það fælust möguleikar í því að byggja upp fyrirtæki sem tæki uppbyggingu af því tagi alvarlega og ynni í sátt við samfélagið.

„Þarna skipti höfuðmáli að á Grænlandi er skilningur og jákvætt viðhorf til námuvinnslu. Lagaumgjörðin er einnig traust og stjórn málaástandið, ekki síst í samanburði við mörg af þeim löndum þar sem málmvinnsla af þessu tagi eða svipuðu fer fram í dag. Þarna sá ég raunar ekkert nema tækifæri.“

Keyptu leyfi út úr þrotabúum

En það sem Eldur vissi ekki þegar hann lagði af stað í þetta að innan tíðar myndi hrávörumarkaðurinn gjörsamlega hrynjá.

„Þannig að þegar við förum að nálgast þessi leyfi og þessar námur sem unnið hafði verið í vorum við mikið að kaupa þau bara út úr þrotabúum. Við unnum svo með þetta verkefni fram til ársins 2017 þegar við skráðum fyrirtækið á markað í Kanada og töldum þá að markaðurinn væri að jafna sig. Það gerðist þó ekki og við vorum fram til ársins 2020 að halda okkur á floti. Við urðum að hafa þolinmóða fjárfesta með okkur,“ segir Eldur.

Og það hefur þurft þolinmæði áfram. Eldur segir að það skýrist meðal annars af einskona hugsanavillu sem hafi heltekið stóran hluta fjármálaheimsins.

„Það var stundum sagt þegar við vorum að vinna titla í körfunni að nú hefðu menn montréttinn í einhverjar vikur. Þannig hefur það verið með bankakerfið og



FRAMÚRSKARANDI GÆÐI



Fjölbreyttar lausnir fyrir hús & nýbyggingar



Einingahús CLT krosslímt tré



Gluggar & hurðir



Límtré



Yleiningar

Strúktúr er með lausnina fyrir húsið

Allt sem við hugsum, allt sem við gerum, snýst um þig okkar viðskiptavin



Z Strúktúrhús



Utanhússklæðingar



Stálgrindarhús



Dúkar & þéttiborðar

Við erum alltaf klár í spjallið

Hafðu samband við okkur



tækniþeir sýndu 15 árin eða svo. Þeir hafa bara haldið á þessum rétti. Og það hefur orðið til sú hugsun að verðmætin geti orðið til inni í tölvum eða á internetinu. Fólk hefur horft fram hjá því að það þarf að framleiða vörur, það þarf að útvega orku, það þarf að útvega málma. En núna eru margir að opna augun. Kannski er það þess vegna sem Píratar hafa til dæmis misst salinn,“ veltir Eldur upp.

Og hann hefur mikla trú á verkefnum fyrirtækisins sem hann hefur byggt upp. Það nefnist Amaroq og er nú skráð á markað hér á landi, í Kanada og á Bretlandseyjum. Samkvæmt nýjustu tölum, sem hafa reynst fyrirtækinu afar hliðhollar að undanfögnu er markaðsvirði þess 61 milljarður króna.

„Við erum með gríðarlega öflug leyfi á Suður-Grænlandi. Bæði í gulli, silfri, nikkeli og kopar. En einnig leyfi sem snúa að fágætismálum sem er minna af og minni markaður fyrir. En þeir skipta hins vegar gríðarlegu máli. Það er vegna þeirra sem Donald Trump fékk þá flugu í höfuðið að kaupa Grænland, þótt augljóslega hafi ekkert orðið af því.“

En þá snúum við okkur að samtali um frímúrarastarfið og hvernig það kom til að Reglan bankaði upp á lífi Elds.

„Þabbi er öflugur maður og hann er keppismaður. Hann ól okkur systkinin upp á þeim grunni og línurnar voru skýrar. Hann segir hlutina eins og þeir eru. Í því birtist ljúfmennska hans líka. En mér fannst ég skynja að starf Reglunnar hefði jákvæð áhrif á hann. Mér fannst hún breyta honum. Ég gat ekki fest hönd á hvað það var, en það var augljóslega eitthvað. Með sama hætti hef ég litið mjög upp til tengdababba. Hann er gríðarlega öflugur. En hann er líka

sanngjarn og vill hafa hlutina á hreinu. Það var reynslan af þessum tveimur mönnum sem dró mig að Reglunni.“

Leiddist starfið

Þetta hefur verið mjög annasamur tími í lífi Elds og hann tók raunar þriðja stig Reglunnar í kórónuveirufaraldrinum.

„Fyrstu skrefin hjá mér innan Reglunnar voru nokkuð brokkgeng. Ég skildi hvorki upp né niður og mér hálf leiddist starfið. Ég verð að viðurkenna það. En mig langaði líka til að standa mig vel og átta mig á þessu öllu. En vitandi að þarna eru mjög margir menn sem mér bæði þykir vænt um og ber mikla virðingu fyrir þá hélt ég áfram. Og svo hefur það lokist upp að ég fæ skjól af Reglunni og tækifæri til þess að leita inn á við. Og reglukerfið og allt starfið sem bræðurnir leggja á sig er magnað. Það hefur reynst mér mjög dýrmætt.“

Og þrátt fyrir hinar miklu annir sem teygja sig milli heimsálfa hefur Eldur tekið virkan þátt í starfi sinna stúkna. Það hefur einnig gefið honum mikið og tengt hann betur inn í bræðrahópinn.

„Sú virka þátttaka hefur skilað sér með margvíslegum og jákvæðum hætti. Reglan og starfið fylgir mér með meira lifandi hætti út í daginn og inn í verkefni sem ég er að sinna á hverjum tíma og það finnst mér gott. Hún kemur góðri reglu á hlutina og er að því leyti ekki svo ólík því starfi sem unnið er á öflugum meðferðarheimilum. Kannski er Reglan bara einmitt það eftir allt saman,“ segir Eldur í léttum dúr en með alvarlegum undirtón. Ef það er einhver sem getur borið þetta tvennt saman. Þá er það hann ★

↑ Eldur heldur á fyrsta gullinu sem unnið er úr Nalunaq-námunni síðan vinnsla hófst þar í nóvember. Tíu ára vegferð ber loks árangur!

Frímann meðal stærstu golfklúbba landsins

Höfundar: Skúli Unnar Sveinsson
Ljósmyndir: Jón Svavarsson

↑ Myndirnar eru frá Landsmóti Frímúrara, sem haldið var í Vestmannaeyjum.

Einn fjölmennasti golfklúbbur landsins er Frímann, golfklúbbur frímúrara. Þetta segir í það minnsta Baldvin Magnússon, formaður klúbbsins. Þetta er alveg hárrétt hjá formanninum því við stuttlega athugun þess sem þetta ritar er Frímann tíundi fjölmennasti golfklúbbur landsins með 624 virka félagi og 649 skráða frá upphafi og hefur fjölgað mikið upp á síðkastið. Á Íslandi eru 62 golfklúbbar og í þá eru skráðir tæplega 25.000 kylfingar þannig að í Frímanni eru rétt um 2,5% kylfinga á landinu. Rétt er að taka fram að stærstur hluti kylfinga í Frímanni eru einnig meðlimir í öðrum klúbbum.

Frímann var stofnaður þann 14. nóvember 2001 af 62 bræðrum og systurum en í undirbúningsnefnd voru Hannes Guðmundsson úr Gimli, Guðmundur S. Guðmundsson úr Mími og Haukur Björnsson úr Mími, en sá síðastnefndi lagði til að nafn klúbbsins yrði Frímann – Golfklúbbur Frímúrara, skammstafað FGF. Guðmundur varð síðan fyrsti formaður klúbbsins.

Í nógu að snúast

Það er í nógu að snúast hjá stjórnarmönnum Frímans eins og gefur að skilja í svona stórum golfklúbbi. Baldvin gerir svo sem ekki mikið úr því. „Mesta vinnan er fyrir gjaldkerann og ritarann. Hrafnkell Tulinius er gjaldkeri og Þorkell Ágústsson ritari og þeir standa sig báðir alveg frábærlega. Formaðurinn sér bara um að halda utan um þetta,“ segir Baldvin en

viðurkennir að með auknum umsvifum aukist vinnan og hún sé til dæmis mun meiri núna en þegar hann tók við sem formaður árið 2016.

Það vita þeir sem reynt hafa að það tekur mikinn tíma að skipuleggja mót sem þessi og að safna verðlaunum þannig að stjórn Frímans hefur í nógu að snúast. „Og allt kostar þetta líka peninga, bæði vinavellirnir og auðvitað hluti af verðlaununum á mótunum, en við höfum verið með mjög góða bakhjarla sem styrkja okkur hvað það varðar,“ segir formaðurinn.

Tuttugu vinavellir

Árlega eru þrjú mót yfir sumartímann á vegum klúbbsins og síðasta vetur var í fyrsta sinn haldið golfhermamót í Golfhöllinni á Granda og verður framhald á því. Síðan er stöðugt verið að fjölga vinavöllum þar sem meðlimir Frímans geta spilað og fengið góðan afslátt af flatargjaldinu. „Við erum með fjölmarga vinavelli úti um allt land og mér sýnist að Vestmannaeyjar muni bætast í þann fríða hóp á næsta ári,“ segir Baldvin, en samkvæmt heimasíðu FGF voru vinavellirnir 20 talsins í sumar sem leið.

„Frímann er mjög góður kostur fyrir þá sem eru að byrja í golfi og eru ekki í öðrum golfklúbbi, því þeir geta spilað marga velli úti um allt land fyrir mun lægra verð en ef þeir væru ekki í klúbbum,“ bendir Ari Þórðarson, varaformaður klúbbsins, réttilega á.

Hangikjöt á Hellu

Sumarmótin eru Bræðramótið, Landsmótið og Einvígið við Oddfellow og auk þess virðist vera að komast á sú regla að halda Meistaramót einhvers staðar erlendis á tveggja ára fresti. Mótin eru fjölbreytileg en eitt er það sem alltaf er eins og það er að eftir leik á Bræðramótinu, sem alltaf er haldið á Strandavelli við Hellu, snæða bræður hangikjöt. „Mér skilst að löngu fyrir mína tíð hafi verið mót þar sem breytt var út af vananum og eitthvað annað haft í matinn og vakti það litla hrifningu. Þannig að hangikjöt skal það vera,“ segir Baldvin, formaður Frímans, og bætir við máli sínu til stuðnings: „Það var gerð skoðanakönnun meðal bræðra árið 2015 og sá sem vann könnunina fyrir Frímann hafði á orði að eitt atriði stingi mjög í stúf. „Hvað er það með þetta hangikjöt? Menn virðast ekki hafa neina skoðun á hvernig mótið væri eða neitt þannig, en hangikjotið; það er númer eitt, tvö og þrjú!“ Við þorum því alls ekki að breyta því,“ segir Baldvin og bendir á þá staðreynd að alltaf sé fullbókað í þetta mót, eða rétt um 100 keppendur úr öllum stúkum.

Yfirfullt á Landsmótinu

Landsmót Frímúrara fór að þessu sinni fram í Vestmannaeyjum og var það fullmannað. „Það er orðið lúxusvandamál hjá okkur að öll mót eru yfirfull. Það voru 30 manns á biðlista að komast á Landsmótið, nokkrir dattu út og síðan ræstum við út klukkan 7 í stað 8 til að koma sem flestum að,“ segir Baldvin um Landsmótið, sem var, ótrúlegt en satt, haldið í alveg þokkalegu veðri – en slíkt var ekki sjálfgefið í sumar sem leið.

Einvígið á Oddi

Þriðja mótið sem Frímann sér um er Einvígið við Oddfellowa og þar er innsti koppur í buri fyrir hönd okkar frímúrara Guðmundur Ragnar Magnússon, bróðir Baldvins og fyrrum stólmeistari Mímis. „Þetta byrjaði allt saman sem mót á vegum Mímis og síðan bættust bræður úr öðrum stúkum við til að fá fleiri kylfinga með. Þessi mót voru haldin víða en síðustu árin á Oddi og mótið var alltaf fullt. Sumir í Frímanni héldu að við værum að setja mótið þeim til höfuðs, því við auglýstum þetta mjög vel og mætingin var góð. Oftast var þetta að vori til og gekk mjög vel í nokkur ár, alveg þangað til 2014/15. Þá sögðu þeir hjá Oddi að félagsskapur okkar gæti ekki fengið völlinn. Við ákváðum í kjölfarið að endurvekja einvígi Oddfellowa og Frímúrara, sem hafði verið nokkrum árum áður. Það tókst mjög vel og við höfum verið á Oddi síðan,“ segir Guðmundur.

Guðmundur S. Guðmundsson, einn stofnanda Frímans, gaf stóran bikar sem keppt var um í Einviginu hinu eldra. „Það einvígi var haldið tvívegis held ég örugglega, á Oddi og síðan uppi í Bakkakoti. Sá völlur þótti ekki við hæfi fyrir þennan viðburð miðað við það sem var í boði hjá Oddfellowunum þannig að mótið datt upp fyrir, en var síðan endurvakið árið 2016 – og keppt um sama bikarinn,“ segir Guðmundur.

Oddfellowar sækja í sig veðrið

Einvígið hefur sem sagt verið haldið frá því 2016 og Frímúrara höfðu betur fram til ársins 2022, en Oddfellowar sigruðu 2022 og aftur núna í ár. Eftir sex mögur ár hjá þeim hafa þeir



Velkomin í nýjan og stórglæsilegan sýningarsal HTH



Svansvottaðar
innréttingar

hth.ormsson.is

Lágmúla 8

108 Reykjavík

ORMSSON



nú aðeins rétt úr kútnum og lagað stöðuna í 6:2, Frímúrurum í vil. „Árið 2022 unnu Oddfellowar með einu og hálfu stigi. Mótið í fyrra, 2023, féll niður vegna þess að Oddfellowar urðu óvænt að færa Landsmótið sitt, sem átti að vera á Selfossi, á sinn völlum og þar með var ekki pláss fyrir Einvígið. Við ætluðum þá að reyna að færa það upp á Skaga, en þátttakan var mjög dræm þannig að við aflýstum mótinu,“ segir Guðmundur og segir mótið í ár hafa tekist vel þó svo fleiri hefðu mátt taka þátt.

„Mótið hefur verið með sama sniði frá upphafi. Menn mæta snemma til leiks og fá sér súpu og brauð og ræða málin, síðan fá menn teiggjafir og ræst er út af öllum teigum. Að mótinu loknu er síðan matur og verðlaunafhending með mjög veglegum verðlaunum.

Það var leikið Texas Scramble í mótinu, tveir og tveir saman í liði og báðir slógu alltaf og betri bolti valinn og báðir slógu þaðan og svo koll af kalli þar til boltinn fór í holu. Þetta fyrirkomulag á að ganga hraðar fyrir sig, en menn voru svo hrikalega lengi að ákveða hvorn boltann ætti að velja og það teygðist oft á lópanum. Í ár skiptum við yfir í greensome-fyrirkomulagið, báðir slá af teig og velja betri boltann og slá síðan til skiptis þar til boltinn fer í holu, sá sem átti ekki boltann sem var valinn slær annað höggið og svo koll af kalli. Síðan er „annað mót innan mótsins“ því það er nefnilega líka punktkeppni milli allra þannig að öll liðin klára holuna svo fremi sem þeir eigi von um að fá punkt á hana.



Þetta er mjög skemmtilegt fyrirkomulag og það heldur mönnum á tánum allan tímann, til sárna minninga,“ segir Guðmundur og rifjar upp lokin hjá þeim bræðrum á mótinu í ár, þar sem þeir töpuðu á síðustu holunni.

Meistaramót á Spáni

Auk þessara þriggja móta sem hér hafa verið talin upp er Meistaramótið haldið annað hvert ár og það erlendis. „Í reglugerð mótsins segir að það skuli haldið á erlendri grundu og þeir segja að formaðurinn beri ábyrgð á því,“ segir formaðurinn og hlær og greinilega farinn að hlakka til enda hélt hann utan nokkrum dögum eftir að Frímúrarinn spjallaði við hann.

Mótið var að þessu sinni haldið á Íslantilla á Spáni og var þetta 10 náttu ferð hjá kylfingunum í lok september. „Við vorum búnir að reyna að koma Meistaramótinu á hér heima í nokkur ár, en það var bara aldrei pláss og eins var erfitt að finna tíma og því fórum við bara með það út fyrir landsteinana fyrir tveimur árum og svo aftur í ár. Við verðum ekki margir, rétt um 30 að þessu sinni og ég held það sé af því þetta er svo langur tími og nú stefnum við að því að hafa þetta styttri ferðir, 4 til 5 daga og tveggja daga mót, en Meistaramótið er tveir dagar,“ segir Baldvin.

Í Meistaramótinu keppa aðeins þeir sem eru í Frímanni, en í hinum mótunum geta allir bræður verið með, sama hvort þeir eru í Frímanni eða ekki. ✨



Frímúrarinn



FERDIR ST. JÓHANNESARSTÚKUNNAR SNORRA

Stefnumót við Anderson

Höfundur: Haukur Óskarsson
Ljósmyndir: Jón Svavarsson

2024 (C) MOTTV, Jón SE

Á stórrí ráðstefnu sem haldin var í Cambridge á liðnu ári kynnti breska rannsóknarstúkan Quatuor Coronati ásamt Ensku stórstúkunni nýja leikna mynd sem segir frá tilurð stofnskrár Andersons, þeirrar sömu og bróðir Jóhann Heiðar Jóhannsson hefur nú þýtt á íslensku.

Hafði Haukur Óskarsson, stólmeistari St. Jóhannesarstúkunnar Snorra forgöngu um að fá myndina til birtingar hér á landi og setja við hana íslenskan texta.

Íslensk grein

Líkt og sagt var frá í 2. tölublaði Frímúrarans 2023 sóttu Snorrabræður ásamt stórmeistara Frímúrarareglunnar á Íslandi ráðstefnuna í Cambridge dagana 23.-24. september það sama ár þar sem þess var minnst að 300 ár voru liðin frá útkomu Anderson-skrárinnar. Á ráðstefnunni fluttu Haukur Óskarsson, Bergur Jónsson og Símon Jón Jóhannsson um tilurð og mótun frímúrarastarfs á Íslandi. Erindið er nú komið út í árbók ensku rannsóknastúkunnar Quatuor Coronati sem helgað er efni þeirra erinda sem flutt voru á ráðstefnunni. Nefnist erindið á prenti: „Forming and Developing Freemasonry in a Turbulent Period in the Life of Icelandic Society.“

Vítt og breitt um landið

Hefur hann síðan kynnt efni myndarinnar og fjallað um stofnskrána í fyrirlesturum á vettvangi margra stúkna vítt og breitt um landið. Þannig hefur myndin verið sýnd á fræðsluþingi á Akureyri og á fundum Jóhannesarstúkna og fræðslustúkna á Ísafirði, Egilsstöðum, í Hafnarfirði, Stykkishólmi, Hafnarfirði og í Reykjavík.

Er myndin um það bil þrjátíu mínútur að lengd og er í senn fræðandi og skemmtileg. Þar koma við sögu áhugaverðir menn sem höfðu mótandi áhrif á frímúrarastarf allar götur síðan, þótt ekki hafi þeir gert sér grein fyrir því sjálfir að svo myndi verða. Stofnskráin var gefin út árið 1723 og því orðin meira en 300 ára gömul.

Hluti af starfi stúkunnar

Haukur segir í samtali við Frímúrarann að það sé ánægjuefni hversu margir bræður hafi sýnt þessu framtaki áhuga og að myndinni sé hvarvetna vel tekið. Hann segir að útbreiðslustarfið haldi áfram og að hann líti á þetta sem hluta af því fræðsluhlutverki sem stúkan Snorri hafi öðrum þræði með höndum. ✨

18+

Ísland vinnur
alltaf!

LENGJAN

Hliðið hátt

KRISTJÁN BJÖRNSSON

Aðventusálmur Helga Hálfánarsonar kemur í hugann við þessa fyrirsögn og þessa hendingu, úr fyrsta vísuorði í fyrsta og sjötta vers: „Gjör dyrnar breiðar, hliðið hátt ...“ og sjötta versíð heldur svo áfram: „þig, hjarta, þrýð sem best þú mátt, og trúarlampann tendra þinn, og til þín bjóð þú Jesú inn“. Þetta er aðventan í hnotskurn. Og þá má hátíðin ganga í garð. Fyrst af öllu þarf að lyfta hliðinu svo að konungur dýrðarinnar fái að ganga inn. Þessi sálmur er ortur út frá Davíðssálmi 24, sem er merkur þótt sálmurinn á undan sé mun þekktari, sá tuttugastiogþriðji. Davíðssálmur 23 er talinn þekktasti og mest notaði kafli úr gjörvallri Biblíunni í bókmenntum, söng, myndlist og kvikmyndum.

Í 24. sálmi erum við að gera ráðstafanir fyrir komu Drottins. Þar eru hliðin persónugerð og ávörpuð:

*„Þér hlið, lyftið höfðum yðar,
hefjið yður, þér öldnu dyr.“*

Það rímar t.d. við aðal innganginn í Regluheimilið og Frímúarahúsin um landið allt og regluhús víða um lönd. Háar höfuðdyr og súlur. En það rímar einnig við það sem við segjum um Regluna. Hún er forn og rík. Hin aldna Regla er stöðugt ný og þá ekki síst vegna þeirrar gæfu hvað hópurinn hefur endurnýjast jafnt og vel. Aldin og gæfurík. Og eldri og yngri sitja við sama borð, við erum jafningjar og það er það sem orðið bræður merkir. Súlur eru tákni um tengsl manns og Guðs í bæninni eða „hið varanlega í sambandi manna og Guðs á þessari óendanlegu jörð.“

Nýlega las ég þessa skýringu á orðinu súla eða stólpi í bókinni „Draumur Jórslafarans“ eftir Kristján Guðlaugsson. Þar sá ég einnig stuttan kafla um menn sem sátu við sama borð. Þar eru þeir komnir saman að borði á kránni eftir ógæfu og atvik dagsins, skrifari fíógetans, beykirinn, koparsmiðurinn og þrír aðrir. Einn þeirra aðkomumaður og nýr í hópnum. Þar settist og vertinn sjálfur hjá þeim. Reglan hefur alltaf byggt á því að menn af ólíkum stéttum sitji saman að borðum eða alveg frá stofnun stórstúkunnar í London árið 1717. Var sagt að hvergi annars staðar gætu þeir snætt saman og spjallað, menn af öllum stéttum í jafn stéttskiptu samfélagi og þar var þá. Og þarna í bók Kristjáns flytur allt í einu einn þeirra ræðu og er nefndur Zak. Hann er kynntur til sögunnar sem heimspekingur og þorpsfífl. Enginn smá titill það. Nema hann stendur upp og flytur skálaræðu sem byrjar á þessu: „Framtíðin er eins og morgundagurinn, óskrifuð örk sem við eigum að skrifa. Ef við skrifum ógæfu okkar á þessa örk þá kemur hún.“



Við ráðum hvað við skrifum. Við getum alveg eins skrifað eitthvað annað, eitthvað betra.“

Í ræðu okkar og tali, í ljóði og söng, í verkum okkar, getum við skrifað eða gert eitthvað betra. Það góða í borðræðu þorpsfíflsins er að við getum alltaf valið betri leiðina, betri kostinn. Við getum alltaf valið að gera gott og gera heilt hvernig sem lífið hefur verið skrifað á örkina okkar fram til þessa. Það er líka það allra besta við aðventuna og sjálf jólin. Eða á nýársnótt. Glænýir dagar til að velja gleði og frið, nú eða hreinan kærleika Jesú Krists. Um það snýst þessi tími sem ekki er einhver ákveðinn fjöldi frídaga. Dagarnir og vikurnar núna eru fráteknað til að við getum skrifað á örkina eitthvað betra. Og hvað er betra en gleðileg hátíð fyrir alla. Líka fyrir þau sem sjá ekki til þess að geta skrifað neitt á örkina sína vegna drungans sem dimmir dagar hafa fært þeim. Það þarf að tendra trúarlampa fyrir þau líka. Hlið helgidómsins og hlið þess góða í þessum heimi þurfa að lyfta höfðum sínum nógu mikið til að allir sem þurfa og vilja geti slegist í för með Kristi er hann gengur inn með dýrðina í guðshús og inn á heimili okkar. Hækkum þessar höfuðdyr í lífi okkar, bræður mínir og aðrir lesarar, svo að konungur dýrðarinnar komi einnig til okkar með eitthvað sem er miklu betra en við höfum áður þekkt.

Guð gefi þér uppbyggilega aðventu og gleðileg jól. ✨

TÖLUM UM FORYSTU

RX 450h+ Plug-in Hybrid

Þessi einstaki lúxussportjeppi hrífur þig strax við fyrstu kynni, enda hannaður til að skera sig úr og taka forystu.

Komdu í Kaupþúnið - þín bíður óviðjafnanleg akstursupplifun!



LEXUS
EXPERIENCE AMAZING

Lexus Ísland – Kaupþúni 6, Garðabæ – lexus.is



ADVENTUKAFFI 2024

Tengsl sem ekki rofna

Höfundur: Stefán Einar Stefánsson
Ljósmyndir: Jón Svavarsson



Fyrsta sunnudag í adventu hefur skapast sú hefð að opna regluheimilið í Reykjavík og bjóða þar til kaffisamsætis fyrir ekkjur látinna bræðra. Að þessu sinni bar þennan hátíðisdag einnig upp á fullveldisdaginn, 1. desember.

Hátt í 100 systur og aðrir góðir gestir lögðu leið sína á samkomuna sem hófst upp úr kl. 14:00. Í upphafi var skálað í sérítári og gamlar og góðar stundir rifjaðar upp í léttu spjalli. Þá bauð séra Magnús Björn Björnsson, formaður bræðranefndar Fjölnis hópinn velkominn og í kjölfarið hófst formleg dagskrá í hátíðarsal. Þar stýrði stólmeistari Fjölnis, Gunnar Bragason, dagskránni.

María Magnúsdóttir, Ásgeir Ásgeirsson og Magnús Már Halldórsson fluttu tónlistaratriði og Hörður Lárusson, aðstoðarmeistari Fjölnis las jólaguðspjallið. Að lokum var jólaljósið tendrað og það látið berast um salinn þveran og endilangan.

Bræðrahópur hafði þá undirbúið glæsilegt kaffi-hlaðborð. Kveðju frá hópnum flutti svo Bryndís Hlíf Maríasdóttir en maður hennar var Kristján Einarsson, sem var bróðir í Fjölni.

Í huga margra systra er þessi viðburður upphafið að undirbúningi jóllanna. Þarna gefst tækifæri til þess að hitta gamla vini og ekki síður skapa grunn að nýjum vinskap.

Í lok dagskrár voru systurnar allar leystar út með fallettri jólagjöf. Þær sem ekki áttu heimangengt á þessa ljúfu stund munu fá gjöf senda heim fyrir hátíðirnar. Um 500 gjöfum er útteild með þessum hætti í ár. ✨





STÓLMEISTARI Í ENGLANDI

Tekur við stjórn enskrar stúku

Höfundur: Stefán Einar Stefánsson
Ljósmynd: Sigurður Júlíusson

Á nýju ári verða þau miklu tíðindi að bróðir í Frímúrara-reglunni á Íslandi mun taka við embætti stólmeistara í stúku sem starfar innan vébanda Ensku stórstúkunnar. Tíðindamaður Frímúrarans tók hann tali og forvitnaðist um hvað leiddi til þessa.

Bróðirinn sem um ræðir er Jón Þorsteinn Sigurðsson og er stórum hópi innan Reglunnar að góðu kunnur enda hefur hann sinnt mörgum verkefnum á vettvangi hennar, ekki síst sem ein af driffjöðrum síðameistaranna á vettvangi Landsstúkunnar.

Stúkan sem Jón Þorsteinn tekur við nefnist Westminster and Langbourn Lodge No. 3647 og er til húsa í aðalhöfuðstöðvum fyrrnefndrar stórstúku.

Fór út með Mælifellsbræðrum

En hvernig kom þetta til?

„Ég heimsótti stúkuna fyrst árið 2012 ásamt Mælifellsbræðrum og sóttist eftir að halda utan um skipulag ferðarinnar. Í þeirri heimsókn benti ég stúkubræðrum á

að vinur minn, Gerard McHale, heimilislæknir í London, hefði áhuga á að gerast frímúrari en ekkert varð af inngöngu hans í tengslum við þá ábendingu. Síðar komu bræðurnir úr Westminster and Langbourn Lodge í heimsókn til Íslands og töluðu þá um aðra heimsókn árið 2016. Þá funduðu þeir með McHale um að gerast bróðir í stúkunni og hann var á endanum tekinn inn. Eftir það byrjaði ég að sækja fundi þar með styttra millibili og það leiddi til þess að ég fékk formlegt leyfi frá Íslandi til að ganga til liðs við hana árið 2019.”

Stúkan fundar fjórum sinnum á ári og segist Jón Þorsteinn reyna að skipuleggja tíma sinn þannig að hann eigi heimangengt á þá alla. Það sé hins vegar kostnaðarsamt, ekki síst yfir sumartímum þegar verð á gistingu er mjög hátt í London.

„Ég hef raunar lagt þá hugmynd fyrir stúkuna að flytja sumarfundina til nóvember eða fram í desember til að draga úr kostnaði og skapa meiri hátíðarbrag á þeim.”

Fjórir Íslendingar meðlimir

Segir Jón að nú séu fjórir Íslendingar meðlimir í stúkunni. Það eru auk hans þeir Sveinbjörn Ólafur Ragnarsson, Agnar Bragi Bragason og Steindór Rúniberg Haraldsson.

„Það er mjög hvetjandi að þeir skuli vera í þessu starfi ásamt mér og það ýtir við manni að mæta vel á fundi og við gerum úr því ágæta helgarferð.”


Til þess að skýra starf stúkunnar segir Jón Þorsteinn að hún sé svokölluð blá stúka eða Craft lodge og að hún starfi undir York Rite-kerfinu sem er það kerfi sem enskir frímúrarar starfa eftir. Hún starfar á þremur Jóhannesarstigum en þá geta meðlimir hennar möguleika á að sækja starf í öðrum stúkum og feta þannig brautina áfram upp stigakerfið.

Jón Þorsteinn mun taka við embætti þann 26. apríl næstkomandi. Alla jafna gegna stólmeistarar embætti í eitt ár en þar sem fundir þessarar tilteknu stúku eru aðeins fjórir á ári hefur embættistíminn á hennar vettvangi verið markaður við tvö ár.

Býst við fjölmenni

„Ég reikna með góðum fjölda á innsetningarfundinn. Nokkrir bræður frá öðrum löndum hafa haft samband við mig, meðal annars frá Möltu og Þýskalandi. Þá hafa íslenskir bræður einnig nefnt áhuga á að sækja fundinn og stefnir í góða mætingu héðan. Þá hef ég einnig fengið meldingu frá stúku á Englandi, þar sem hópur hjólreiðamanna hefur sótt fundi Westminster and Langbourn Lodge. Væntanlegur fjöldi á fundinum er talinn verða um 200 manns en fundarsalnum okkar eru sett mörk sem kallast á við þann fjölda.”

Frímúrarinn mun fylgjast með þessum skemmtilega viðburði og ekki er loku fyrir það skotið að ljósmyndari á hans vegum verði á staðnum þann 26. apríl til þess að bera lesendum tíðindin í máli og myndum í fyrsta tölublaði ársins 2025.✱



Bætt hreinlæti í snjöllum heimi

Snjallari í dag en í gær.

Hvort sem það er í skipulagi, verklagi eða þjónustu þá erum við sífellt að þróa snjallari aðferðir, tæki og efni til að nota við þrif og ræstingar.

Sérhannaðar lausnir fyrir hvern og einn viðskiptavin.
Rétt skilgreint og gott skipulag ásamt snjöllum samskiptum stuðla að betri árangri í ræstingum hjá þínu fyrirtæki.

Hafðu samband og fáðu ráðgjöf.

Hreint
RÆSTING

hreint.is s: 589 5000 hreint@hreint.is



REGLUHEIMILÍÐ

Vel heppnaðar endurbætur

Höfundar: Eiríkur Finnur Greipsson og Þórhallur Birgir Jónsson
Ljósmyndir: Guðmundur Skúli Viðarsson



Tímabærum endurbótum er lokið á efstu hæð Regluheimilisins við Bríetartún í Reykjavík. Hafist var handa við verkið sumarið 2023 við þann hluta hússins sem liggur meðfram Bríetartúninu. Austur hluti húsnæðisins hafði áður verið endurbættur, þ.e. skrifstofa fyrrverandi SMR og salerni.

Þessi framkvæmd var orðin mjög aðkallandi, því leki og talsverður raki var víða, með tilheyrandi ólykt og óheilmænu lofti, þannig að suma skápa og herbergi var ekki unnt orðið að nota.

Eftir að leitað hafði verið tilboða í rif, endurbyggingu og innréttingar, var hafist handa við verkefnið, fljótlega eftir að vetrarstarfinu lauk vorið 2023. Vel gekk að hreinsa allt út úr húsinu og þá gekk ekki síður vel að byggja upp að nýju, en nú með breyttu fyrirkomulagi.

Ákveðið var að fækka herbergjum og eru herbergin núna aðeins þrjú. Herbergið sem er vestast á hæðinni er minnst og hefur hlotið nafnið Rauðará, en svo hét bærinn sem mun hafa staðið á nánast sama stað hér á árum áður. Herbergið er ætlað hersi og dróttseta stórmeistarans ásamt innsiglihverði Reglunnar, en ekki aðeins þeim því þar er kominn mjög góð fundaraðstaða fyrir tíu til fjórtán bræður. Einnig er þar komið skrifborð með tölvu og búnaði til að vinna að verkefnum Ráða og nefnda. Tveir stórir gluggar eru

á milliveggjum inn í rýmið og þá eru einnig tveir „suðurgluggar“ á herberginu. Hjálpar þetta heilmikið til að gera herbergin að skemmtilegum og aðlaðandi vistarverum.

Við hlið þessa herbergis er kominn virðuleg setustofa eða vinnuherbergi með sófum og borðum, sem ætluð er R&K r.k. til fundarhalds og geymslu á ýmsum ritum og búnaði sem þeir þurfa að nota í sínu starfi sem embættismenn Landsstúkunnar og ekki síður fyrir störf í nefndum og ráðum Reglunnar.

Síðast er svo að telja herbergi annarra embættismanna Landsstúkunnar, en mikill búnaður fylgir starfi þeirra sem embættismanna. Skápar eru í öllum þessum herbergjum til þess að auðvelda bræðrunum að komast að þeim búnaði sem þeir þurfa til starfsins.

Enn eru þó smá „sleikjur“ eftir, svo sem að merkja skápa, setja upp sjónvarpsskjá og fleira.

Á liðnu sumri var svo farið í það að laga frágang og endurnýja þakpappa á þakinu yfir þessum hluta hússins, en komið hafði í ljós við framkvæmdina í fyrrasumar að ekki var ráðlegt að fresta viðgerðum og endurnýjun á þakinu.

Með þessum framkvæmdum hefur tekist að bæta til muna aðstöðu fyrir æðstu embættismenn Reglunnar, ráða og nefnda. ✨

Frímúrarinn



ST. ANDRÉSTARSTÚKAN HELGAFELL

Elsta Andrésarstúkan fagnar stórafmæli

Höfundur: Stefán Einar Stefánsson
Ljósmyndir: Jón Svavarsson

← Stm. Helgafells, Guðmundur Ásgeir Eiríksson, ásamt SMR Kristjáni Þórðarsyni og fjórum bræðrum sem hlutu á fundinum heiðursmerki St. Andrésarstúkunnar Helgafells; (f.v.) brr. Ólafur W. Finnsson, Guðmundur Már Stefánsson, Hreggviður Daníelsson og Jón Svavarsson.

↓ Eins og sjá má á meðfylgjandi myndum var létt yfir Helgafellsbræðrum og gestum á fundinum – enda á að vera gaman í afmælum.



flutti kveðju Jóhannesarstúkna og Einar Guðmundsson, stólmeistari Hörpu á Ísafirði flutti kveðju Andrésarstúknanna.

St. Andrésarstúkan Helgafell var stofnuð þann 14. júlí árið 1934. Byggði hún á starfi fræðslustúku sem komið hafði verið á laggirnar strax árið 1921. Fyrsti stólmeistari stúkunnar var Ludvig E. Kaaber, helsti hvatamaðurinn að stofnun skipulegs frímúrarastarfs á Íslandi. ✨

St. Andrésarstúkan Helgafell fagnaði 90 ára afmæli með afar fjölmennum hátíðarfundum þann 23. nóvember 2024.

Stólmeistari stúkunnar, bróðir Guðmundur Ásgeir Eiríksson stýrði hátíðinni af festu og úr varð bæði glæsileg hátíðarstund en einnig gleðifundur 190 bræðra sem margir hafa átt langa samleið með stúkunni.

Kristján Þórðarson, stórmeistari Reglunnar heiðraði samkomuna með nærveru sinni og það gerðu einnig fjórir fyrrum stólmeistarar stúkunnar, þeir Friðmar M. Friðmarsson, Björn Ó. Björgvinsson, Steinn G. Ólafsson og Ingolf J. Petersen.

Á fundinum var tónlistin fyrirferðarmikil og stýrði Sigurður Hafsteinsson, söngstjóri hennar þeirri dagskrá. Jónas Þórir Þórisson, kantor Reglunnar þandi orgelið og Frímúrarakórinn söng valin verk undir stjórn Friðriks Kristinssonar. Gunnar Guðbjörnsson og Valdimar Haukur Hilmarsson sungu einsöng. Þá bar til tíðinda þegar nýtt lag var frumflutt, gjöf til stúkunnar en það var samið af söngstjóra hennar og textinn er eftir bróður Lárus Sólberg Guðjónsson.

Ræðumeistari Helgafells, Gunnar Brynjólfsson, fór yfir sögu stúkunnar í góðu erindi og þá var fjórum bræðrum veitt heiðursmerki stúkunnar. Það voru þeir Guðmundur Már Stefánsson, Hreggviður Daníelsson, Jón Svavarsson og Ólafur William Finnsson.

Minni Reglunnar var flutt af Jóhanni Heiðari Jóhannssyni, Pétur Örn Sverrisson, varameistari Eddu



Allt frá hattí oní skó

piþu

lakk



Hattar

Treflar

Kjólskyrtur

Hátíðavesti (5 hnappa)

Karaffla með 2 glösum

Lakkskór (ný tegund)

herra húsið

ADAM

Fyginhlutir - Fyginhlutir - Fyginhlutir

Erma- og brjósthappa

Ermahnappar

Smeygur

Ermahnappar

Lindaklemma/
bindisnæla

GÓÐGERÐARMÁL

Ljúft að leggja lið

Höfundar: Stjórnstofa

Að fengnu samþykki Stórmeistara Reglunnar hefur Frímúrararsjóðurinn veitt fjárstuðning til Hjálparstarfs kirkjunnar, Hjálpræðishersins, Pietasamtakanna og Bergsins – headspace, í tilefni jólahátíðarinnar.

Frímúrarar hafa ávallt lagt rækt við góðgerðarstarfsemi og styrkveitingar eru liður í árlegum framlögum til ýmissa hjálparstofnana sem sérhæfa stig í stuðningi við þá sem þörf hafa fyrir aðstoð. Frímúrarareglan ástundar góðgerðastarf á grundvelli kristinna gilda um náungakærleika og sjónarmiða um mannréttindi og jafnræði. Styrkveitingar Frímúrarareglunnar, innri sem ytri, grundvallast á söfnunarfé meðal bræðra á stúkufundum og á föstu framlagi sem bræður greiða sem hluta af árgjaldi sínu.

Auk stuðnings við hjálparbætur og til neyðar- aðstoðar hefur Frímúrararsjóðurinn einkum beint athyglinni að stuðningi við rannsóknir á sviði læknavísinda og að málefnum barna og aldraðra. Hlutfallslega stærsti hluti styrkja sjóðsins á starfstíma hans, eða um 37% þeirra, hefur runnið til rannsóknarverkefna á sviði læknavísinda, rúmlega 32% veittra styrkja hefur runnið til hjálparbætur og til neyðaraðstoðar. Þriðji stærsti hópur styrkþega eru svo hagsmunasamtök í þágu sjúkra með um 17% hlutdeild styrkveitinga sjóðsins. ✨



Kíktu við í rjómbollur allar helgar



RJÓMBOLLUR

100% ÍSLENSKT HANDVERK
SÍÐAN 1834



KLAPPARSTÍG 3, 101 REYKJAVÍK | S. 551 3083



„Já, þú ætlar að þýða Grundvallarskipanina“

Höfundur: Stefán Einar Stefánsson

Ljósmyndir: Sigurður Júlíusson og Guðmundur Skúli Viðarsson

↑ Br. Jóhann Heiðar Jóhannsson.

Á liðnu ári minntust frímúrarar um víða veröld þeirra tíma-
móta að þá voru liðin 300 ár frá því að Grundvallarskipan
Andersons var gefin út í London. Það rit hefur markað djúp
spor í öllu frímúrarastarfi á öldunum sem liðnar eru síðan.

Það var því mikið fagnaðarefni þegar fréttist að Jóhann
Heiðar Jóhannsson, fyrrum stólmeistari Glitnis, hefði tekist
á hendur það mikla verk að þýða Grundvallarskipanina á ísl-
ensku. Hún kom svo út á liðnu sumri.

Langur ferill

Tíðindamaður Frímúrarans tók hús á Jóhanni Heiðari og vildi
fræðast frekar um verkefnið, meðal annars hversu langan
tíma það hefur tekið að koma verkinu yfir á íslensku.

„Ég hófst handa um að þýða bókina snemma á árinu
2023, en lengi hafði blundað hjá mér hugmyndin um að þýða
fyrir íslenska frímúrara kaflann „The Charges of a Free-
Mason“ (Skyldur hins frjálsa frímúrara).“

Segir Jóhann Heiðar að þessi áhugi hafi meðal annars
sprottandi af heimsóknnum á bókasafn Reglunnar, sem bræður
eru einmitt allt frá fyrstu kynnum hvattir til að sækja vel.

„Fyrsta aðkoma mín að því efni sem er að finna í
bókinni var þegar ég fann á bókasafni Reglunnar bækur
um rit sem nefndust gjarnan „Old charges“ og eru til í
enskum handritum frá u.þ.b. 1300 til nærri 1700. Þar er
fyrst og frest um að ræðu „upprunasögu“ frímúrunar (allt
frá hinum fyrsta manni, Adam, og framundir sautjándu

öld í Englandi) og „gömlu skyldurnar“. Þessi fyrsta saga er
vissulega ekki nákvæm sagnfræði studd heimildum heldur
eins konar „táknsgaga“ sem tengir sig að mörgu leyti við
Gamla testamentið og þá sögu sem þar er sögð um uppruna
og útbreiðslu trúar okkar,“ segir Jóhann Heiðar og bætir því
við að hún eigi að gefa til kynna að frímúrarar verði að reyna
að lesa forna textann vel og reyna að íhuga og fá sínar eigin
hugmynd um hver grunnboðskapurinn sé í raun og veru.

Ætlaði aldrei að þýða hana alla

Þótt þessi áhugi hafi lengi blundað í huga Jóhanns Heiðars
var það í raun fyrir orð Kristjáns Þórðarsonar, stórmeistara
Reglunnar, sem hann ákvað að snara öllu verkinu á íslensku.
Og aðdragandinn var enginn.

„Þetta kom mér ekki í hug fyrir en stórmeistari kom
til mín og sagði formálalaust eitthvað á þessa leið: „Já, þú
ætlar að þýða Grundvallarskipanina!“ Að baki því lá lítið
og óformlegt samtal sem ég hafði átt við skrifstofustjóra
Reglunnar, Eirík Finn Greipsson, um þann draum minn að
þýða (einungis!) skyldukafla hennar.

Segir Jóhann Heiðar í léttum tóni að hann hafi
þarna séð að hann hefði nú „gasprað of mikið“ og komið sér
í klandur.

„Hins vegar hafði stórmeistari þá nýlega verið í heim-
sókn hjá Norsku Reglunni og var þar gefin falleg bók með
upprunalegu ensku útgáfunni af Constitutions frá 1723.

DREGIÐ
28. DES



**Milljónla
leikurinn**
28 spilarar vinna heila milljón hver

Kemur stærsta jólagjöfin kannski milli jóla og nýárs?

Þann 28. desember drögum við út 28 heppna spilara í Milljólaleiknum
sem fá heila milljón hver í milljólajöf.


Áskrifendur komast í pottinn í hverri viku ásamt öllum þeim sem
kaupa 10 raðir í Lottó, Vikinglotto eða EuroJackpot til og með
28. desember. Má ekki bjóða þér að vera með?

Nánar á lotto.is

EURO
JACKPOT

viking
lotto





↑ Enska og íslenska útgáfan af grundvallarskipan hinna frjálsu frímúrara.

Hún hafði verið skönnuð í Noregi til útgáfu fyrir norska frímúrara. Mér skildist að stórmeistari vildi gera hið sama hér á landi en helst þó að gera „aðeins betur“ með því að láta fylgja íslenska þýðingu á henni. Jafnframt rifjaði hann upp að Reglan ætti einnig eintak af hinna upprunalegu „Constitutions“ sem Ásgeir Ásgeirsson, þáverandi stórmeistari og forseti Lýðveldisins, hafði gefið Reglunni árið 1970 eftir að hafa fengið það að gjöf, áritað af þáverandi stórmeistara ensku Reglunnar, í heimsókn sinni árið 1963.“

Fékk tvær vikur

Nú vildi stórmeistari láta skanna það eintak og gefa út fyrir íslenska frímúrara. Fékk Jóhann Heiðar að því tilefni tveggja vikna umþóttunarfrest en segir að hann hafi þrátt fyrir nokkra leit ekki fundið neina viðunandi afsökun til þess að færast undan verkinu.

„Ég skoðaði textann vandlega og stakk upp á því við Kristján að þýða bókina með þeim forna og hátíðlega blæ sem er á ensku bókinni en þýða ekki yfir á nútíma talmál. Þetta varð stærsta áskorunin. Til hliðsjónar notaði ég m.a. Grundvallarskipan okkar, Biblíuna og ýmis fleiri rit sem ég gat fundið til að leita í,“ útskýrir Jóhann Heiðar.

En þýðingarvinnu af þessu tagi geta fylgt ýmsar áskoranir, ekki síst þegar um er að ræða hugtök sem lítið eru

notuð í almennu tungutaki. Jóhann Heiðar segir að það hafi þó gengið snurðulaust fyrir sig.

„Það gekk nokkuð vel að finna íslensk orð en ég varð að setja upp ensk-íslenska „glósubók“ fyrir sjálfan mig, bæði til að varðveita orðin sem ég fann og ekki síst til að tryggja samræmi milli hinna mismunandi kafla í þýðingunum.“

Byggir á traustum og fornum grunn

En opnaðist einhver nýr veruleiki fyrir þýðandanum í vinnunni, í ljósi þess að hann hefur lengi kafað djúpt í fræðin?

„Þessu er erfitt að svara. Mjög snemma í mínu gamla grúski fór ég að finna fyrir því að þarna væri gamall en sígildur fjársjóður sem ætti fullt erindi til nútíma frímúrara og gæfi þeim til kynna að fræði Reglunnar eiga fornar og traustar rætur sem byggjast á kristinni trú, siðferði og innri íhugun á okkur sjálfum. Ekki síst er ég þá að vísa í dyggðirnar sem því miður eru sjaldan nefndar nú í dag. Margt fleira má segja að hafi opnast fyrir mér, bæði gamalt og nýtt og allt áhugavert.“

Á erindi við okkur í dag

Og Jóhann Heiðar segir að þessi vinna hafi sömuleiðis staðfest í sínum huga að hinn forni texti eigi erindi við frímúrara-starfið í dag.

„Í þessari vinnu bar ég oft hinn gamla texta saman við textann í bókum hinnar íslensku Grundvallarskipanar og taldi mig geta staðfest að grunnildi nútíma frímúrara eiga traustar rætur í trú, siðferði og sögu.“

Og þá er ekkert annað fyrir frímúraraþræður en að skella sér á bókasöfn Reglunnar vítt og breitt um landið og kynna sér hina nýju þýðingu. Reglan hefur í tengslum við hana gefið verkið út í sérstakri útgáfu sem hefur að geyma bæði íslenska og enska textann, annarri sem hefur enskuna einvörðungu greypa í pappírinn og aðra þar sem íslenski textinn stendur einn og sér.

Frímúrarinn óskar Jóhanni Heiðari til hamingju með þetta glæsilega og þarfa verk sem nýtast mun í frímúrara-starfinu á komandi árum og áratugum. ✨



ÍSLANDS
HÓTEL

**HÓTEL REYKJAVÍK GRAND
FYRSTA FLOKKS RÁÐSTEFNU-
OG FUNDARADSTAÐA**

Okkar markmið er að þinn fundur eða viðburður gangi eins vel fyrir sig og framast er kostur. Við bjóðum upp á 11 glæsilega sali fyrir ráðstefnur, fundi námskeiðahald, sýningar og margt fleira.

HÁTEIGUR · BJARTUR · GLÆSILEGUR · STÍLHREINN · 27 M² BREIÐTJALD

HÓTEL
REYKJAVÍK
—
GRAND

KYNNIÐ YKKUR MÁLIÐ

islandshotel.is/fundir | fundir@islandshotel.is

Vel á annað þúsund gestir á opnu húsi í Regluheimilinu

Höfundur: Stefán E. Stefánsson

Ljósmyndir: Guðmundur Skúli Viðarsson og Jón Svavarsson



Um 1.700 gestir lögðu leið sína í Regluheimilið í Bríetartúni á menningarnótt sem haldin var hátíðleg hinn 24. ágúst síðastliðinn. Opíð hús var haldið í tilefni þess að öld er liðin frá því að bókasafn Reglunnar tók til starfa. Enn fremur var sett upp sýning í tengslum við opnunina en hún bar yfirskriftina Frímúrarareglan – söfn og saga.

Þegar í forsal veislusala á jarðhæð var búið að koma upp ítarlegu yfirliti yfir sögu og þróun Reglustarfsins hér á landi auk ýmiss konar fróðleiks sem varpar ljósi á starfið með myndrænum og athyglisverðum hætti.

Af húsakynnum stóð gestum og gangandi til boða að virða fyrir sér skjaldarmerkjasal, skrifstofu Stórmeistara og fundarherbergi æðstaráðs Reglunnar. Vöktu þar skjaldamerki bræðra svo að segja óskipta athygli en þau prýða meðal annars stigagang sem liggur frá jarðhæð og upp í skjaldarmerkjasal og hátíðarsal. Rýndu gestir talsvert í þau tákni og einkunnarorð sem þar er að finna.

Loks höfðu öll söfn Reglunnar komið í sameiningu upp glæsilegri sýningu í hátíðarsal. Þar mátti berja augum merka gripi og skjöl sem tengjast Reglunni og eru í hennar eigu. Má tína til gripi á borð við Guðbrandsbiblíu frá

1584, málverk eftir Jóhannes Kjarval, auk fyrstu fundargerðabókar Eddu, ljósmynda úr safni og borðsilfurs sem nýverið fannst í fórum Reglunnar og ber hið fágæta skjaldarmerki Ásmundar Sveinssonar sem smíðað var í tilefni Alþingishátíðarinnar 1930.

Á meðan gestir gengu um húskeyni Regluheimilisins skiptust söngstjórar á vettvangi Reglunnar á að leika á á flygil í fordyri skjaldarmerkjasalarins. Setti það hátíðlegan svip á daginn sem heppnaðist í alla staði afar vel. Var það margra manna mál að viðburðurinn hafi veitt gestum nýja og betri sýn á starfsemi Reglunnar.

Fjöldi bræðra kom að undirbúningi hins opna húss, auk þess sem margir þeirra stóðu vaktina á meðan á opnuninni sjálfri stóð. Enn færir það heim sanninn um þéttleika bræðrahópsins og óeigingjarnt starf bræðra í þágu Reglunnar. ✨

↑ Gríðarlegur fjöldi fólks lagði leið sína á opna húsið og var góður rómur gerður að því sem þar bar fyrir augu.



In Memoriam

LÁTNIR BRÆÐUR FRÁ 26.10.2023 TIL 27.10.2023

Aðalsteinn Jón Þorbergsson X°

*24.3.1935 †02.10.2024 Mímir

Anton Bjarnason X°

*17.7.1949 †23.8.2024 Glitnir

Ari Viðar Jónsson X°

*9.12.1942 †1.10.2024 Gimli

Árni Gunnarsson X°

*16.7.1950 †21.10.2024 Fjölnir

Árni Sævar Jónsson IX°

*20.4.1943 †27.6.2024 Rún

Ásbjörn Eydal Ólafsson X°

*27.1.1948 †16.11.2023 Edda

Axel Ragnar Ström X°

*16.9.1942 †12.7.2024 Edda

Benedikt E. Guðmundsson X°

*23.9.1939 †28.9.2024 Akur

Birgir Breiðfjörð Valdimarsson X°

*30.7.1934 †14.1.2024 Njála

Einar Högnason X°

*27.5.1947 †25.11.2023 Gimli

Gísli Jónsson X°

*28.6.1945 †11.12.2023 Rún

Gísli Kjartansson X°

*2.6.1944 †20.10.2024 Akur

Guðbrandur Jóhann Ólafsson VIII°

*13.8.1956 †30.3.2024 Rún

Guðjón Guðmundsson VIII°

*15.2.1954 †14.8.2024 Njála

Guðmundur Einarsson X°

*18.5.1948 †10.10.2024 Edda

Guðmundur H. Garðarsson X°

*17.10.1928 †18.4.2024 Mímir

Guðmundur Örn Guðjónsson VIII°

*20.8.1972 †3.9.2024 Rún

Guðmundur Óskar Jóhannsson X°

*25.5.1928 †8.6.2024 Edda

Gunnar Ómar Gunnarsson VI°

*29.7.1954 †10.8.2024 Rún

Gylfi Guðmarsson X°

*24.11.1944 †5.2.2024 Rún

Haraldur Guðjónsson Magnússon VIII°

*22.3.1949 †12.4.2024 Sindri

Haraldur Schiöth Haraldsson X°

*21.9.1940 †19.8.2024 Rún

Hermann Auðunsson X°

*15.10.1947 †31.12.2023 Gimli

Hjörtur Þórarinnsson X°

*10.2.1927 †23.7.2024 Röðull

Hjörtur Bjarni Þorleifsson III°

*26.3.1970 †4.8.2024 Vaka

Hörður Pétursson X°

*7.3.1931 †10.8.2024 Edda

Höskuldur Ólafsson X°

*7.5.1927 †9.3.2024 Mímir

Ingví Árni Hjörleifsson X°

*5.1.1927 †4.6.2024 Glitnir

Jóhann Tryggvason X°

*11.12.1938 †13.1.2024 Gimli

Jón Ellert Guðjónsson X°

*23.3.1936 †11.7.2024 Rún

Jón Ellert Guðjónsson X°

*23.3.1936 †11.7.2024 Rún

Jón Örn Bogason X°

*7.4.1933 †24.8.2024 Edda

Jón Sturla Ásmundsson X°

*17.7.1934 †27.6.2024 Edda

Karl Hólm Gunnlaugsson X°

*7.4.1950 †25.3.2024 Sindri

Kristinn Stefánsson IX°

*7.10.1937 †24.4.2024 Edda

Lárus Þorvaldur Guðmundsson X°

*16.5.1933 †4.6.2024 Njála

Lúðvík Sigurður Sigurðsson III°

*23.2.1940 †13.6.2024 Edda

Magnús G. Friðgeirsson X°

*20.8.1950 †3.1.2024 Gimli

Nikulás Sveinsson X°

*11.8.1928 †8.4.2024 Edda

Ólafur Gíslason VII°

*16.11.1936 †28.8.2024 Mímir

Ólafur Ágúst Þorsteinsson X°

*11.6.1944 †11.11.2023 Gimli

Ólafur Þorgils Guðmundsson X°

*24.7.1939 †22.1.2024 Sindri

Óttarr Arnar Halldórsson X°

*7.11.1940 †31.10.2023 Edda

Paul Bjarne Hansen X°

*17.9.1936 †25.9.2024 Gimli

Pétur Valdimarsson X°

*22.7.1932 †18.3.2024 Rún

Pétur Ragnar Antonsson VIII°

*26.8.1934 †19.12.2023 Rún

Ragnar Eðvaldsson VI°

*6.11.1940 †10.6.2024 Sindri

Sigfús J. Árnason IX°

*20.4.1938 †25.6.2024 Rún

Sigfús Ragnar Sigfússon X°

*7.10.1944 †29.4.2024 Mímir

Sigtryggur Rósmar Eypórsson IX°

*8.7.1941 †27.10.2024 Glitnir

Sigurður Pálmason X°

*12.9.1943 †14.6.2024 Rún

Sigurður Hermannsson X°

*16.8.1945 †28.4.2024 Rún

Sigurður Ingvarsson X°

*16.8.1934 †14.12.2023 Glitnir

Sigurður Þór Sigurðsson VII°

*13.2.1949 †6.7.2024 Gimli

Sigurgeir Jónasson IX°

*4.11.1928 †2.12.2023 Mímir

Smári Ólason X°

*10.7.1946 †29.11.2023 Edda

Steingrímur H. Ingvarsson X°

*13.11.1939 †15.11.2023 Röðull

Sveinn Einar Jóhannsson IV-V°

*24.1.1938 †13.11.2023 Mímir

Sverrir Kristinsson III°

*25.9.1945 †25.1.2024 Edda

Theodór Guðbergsson X°

*19.11.1950 †17.6.2024 Sindri

Úlfar Snæfjörð Ágústsson X°

*3.7.1940 †22.3.2024 Njála

Viðar Sandholt Guðjónsson X°

*9.7.1937 †8.2.2024 Mímir

Vigfús Ármannsson VIII°

*2.6.1945 †19.10.2024 Hamar

Þórarinn Björn Gunnarsson IX°

*25.10.1938 †12.8.2024 Edda

Þórður Harðarson X°

*18.1.1951 †23.7.2024 Rún

Þórður Kristjánsson X°

*30.12.1942 †2.2.2024 Sindri

Þorvaldur St. Jóhannsson X°

*3.3.1944 †18.1.2024 Gimli

Þráinn Sigurðsson X°

*31.8.1952 †23.6.2024 Rún

Örn Baldursson X°

*28.5.1945 †26.10.2024 Lilja

Örn Jóhannsson VIII°

*11.11.1941 †11.1.2024 Mímir

Örn Ágúst Guðmundsson X°

*28.9.1938 †6.12.2023 Mímir

ÞETTA ER ÞINN TÍMI!



NJÓTTU HVERRAR MÍNÚTU!

GILBERT

ÚRSMÍÐUR

Laugavegi 62 - sími: 551-4100
www.jswatch.com





FRÆÐSLA

Merkileg um marga hluti

Höfundar: Stefán Einar Stefánsson
Ljósmynd: Sigurður Júlíusson

Fræðslufundir skipa mikilvægan sess í starfi Reglunnar. Þar gefst bræðrahópnum tækifæri til þess að dýpka skilning sinn á hinni konunglegu íþrótt, mannræktinni. Þessir fundir eru alla jafna vel sóttir og mikil vinna er lögð í undirbúning þeirra. Margar hendur koma þar að, jafnt af hálfu þeirra sem skrifa og undirbúa erindi til flutnings en ekki síður þeirra sem undirbúa framkvæmd fundanna, auglýsa þá og halda utan um dagskrá að öðru leyti.

Einn fundur af þessu tagi var haldinn í lok október að tilstuðlan St. Jóhannesarstúknanna Akurs, Eddu og Röðuls. Viðfangsefni hans var að beina sjónum að III^o reglukerfisins og hvaða boðskap það felur í sér. Var yfirskrift fundarins: Meistarastúka vor er um marga hluti merkileg.

Framkvæmd fundarins var sérstaklega á höndum Eddubræðra og stýrði varameistari þeirra, Pétur Örn Sverrisson fundinum.



Mikil þátttaka

Um 150 bræður mættu til leiks og þar af var um þriðjungur þátttakenda á III^o. Vakti mikil þátttaka þeirra eftirtekt og gleði í bræðrahópnum enda eru fundir af þessu tagi ekki síst haldnir til þess að leiða þá sem skemmra eru á veg komnir í reglustarfinu áfram í því.

Fjögur erindi voru flutt á fundinum. Auðunn Sigurðsson í stúkunni Akri flutti erindi. Það gerði sömuleiðis Akursbróðirinn Eyþór Ólafur Frímannsson. Hjalti Þór Björnsson úr stúkunni Eddu lagði fundinum til erindi og slíkt hið sama var með Þorgils Baldursson í Röðli.

Fræðsla úr fortíð

Á fundinum var einnig sýnd upptaka af flutningi fræðsluerindis. Þar er á ferðinni gömul upptaka sem Jón Þór Hannesson á heiðurinn af. Það hefur að geyma fræðslu frá Bent Scheving Thorsteinsson (1924-2015) sem ákveðið var að varðveita með þessum hætti en hún hafði fyrst verið flutt á fundi í stúkunni Eddu við afar góðar undirtektir. ✨



↑ Bræður úr öllum áttum mættu til fræðslu og skrafs yfir kaffidropa.





Stjórngröf 18 • Sími 581 4550 • Fax 581 2228
www.mork.is mork@mork.is



LJÓSMYNDASÝNING

Ljósmyndasýning í bræðrastofu

Höfundur: Stefán Einar Stefánsson

Ljósmyndir: Kristján Maack og Guðmundur Skúli Viðarsson

↑ Kristján Þórðarson, SMR og Pétur A. Maack virða fyrir sér myndir á sýningunni.


Í byrjun desember opnaði formlega ljósmyndasýning sem sett hefur verið upp í bræðrastofunni í regluheimilinu við Bríetartún. Þar eru á ferðinni á þriðja tug portret-ljósmynda úr smiðju Kristjáns Maack, atvinnuljósmyndara. Þar fangar hann sviði bræðra sem orðið hafa á vegi hans í starfi Reglunnar síðustu sjö árin.

Hann gekk í Frímúrararegluna árið 2010 á sama fundi og bræður hans tveir. Faðir hans, Pétur A. Maack hefur sömu leiðis lengi verið virkur í starfi Reglunnar.

Sýningin mun standa fram á vor og eru bræður sérstaklega hvattir til þess að leggja leið sína í bræðrastofuna, berja myndirnar augum og grípa kaffibolla í góðum félagskap þegar færi gefst.

Kristján hefur yfir 40 ára reynslu af ljósmyndun og er þekktur fyrir að grípa augnablikið í myndmáli sínu.

Nánar verður fjallað um sýninguna og rætt við Kristján í 1. tölublaði Frímúrarans á nýju ári. ✨





FRÍMÚRARAR

Hundrað ár frá fæðingu bróður Friðþjófs Sigurðssonar

Höfundur: Símon Jón Jóhannsson
Ljósmyndir: Úr einkasafni

Þann 20. júlí 2024 voru liðin 100 ár frá fæðingu bróður okkar Friðþjófs Sigurðssonar en hann lést 15. janúar árið 2023. Friðþjófur gekk í Frímúrararegluna 21. nóvember árið 1950 og hafði því verið starfandi frímúrari í sjötíu og tvö ár þegar hann hvarf til austursins eilífa. Hann mun því hafa náð einhverjum hæsta starfsaldri íslenskra frímúrara sem um getur.

Friðþjófur fæddist í Hafnarfirði og átti þar heima alla tíð. Foreldrar hans voru Sigurður Árnason kaupmaður (1879-1942) og Gíslína Sigurveig Gísladóttir (1896-1975). Árið 1942 lauk Friðþjófur gagnfræðaprófi frá Flensborgarskóla, hóf síðan nám við Loftskýtaskólann og lauk þaðan prófi 1943. Að námi loknu var hann loftskýtamaður á togurum sem sigldu m.a. til Englands á stríðsárunum. Sumarið 1944 réðist hann til tæknistarfa hjá Hafnarfjarðarbæ og starfaði þar í 52 ár. Í fyrstu starfaði Friðþjófur hjá Rafveitu Hafnarfjarðar við mælingar og teikningar raflagna í götum og síðar sem aðstoðarmaður bæjarverkfræðings. Árið 1967 var hann ráðinn

↑ Friðþjófur með móður sinni og systkinum.

→ Friðþjófur Sigurðsson.



HELGAFELL
FASTEIGNASALA

það skiptir máli..





Við erum flutt Kíktu í kaffi í Stórhöfða 17

Verndum

Alhliða vernd fyrir tölvakerfið þitt.

Við notum nýjustu tækni til að verjast margs konar stafrænum ógnum, þar á meðal gagnagíslatöku, veirum og spilliforritum. Við leggjum metnað í að tryggja að kerfið þitt sé eins öruggt og skilvirkt og kostur er, þannig að þú öðlist hugarró.

Vöktum

Stöðugt eftirlit með tölvakerfinu þínu tryggir heilsu þess og öryggi.

Við fylgjumst með afköstum kerfisins, greinum hugsanleg vandamál og háþöskun uppítíma. Við vöktum vélbúnað, hugbúnað og netvirkni og höfum samband ef einhverju er ábótavant þannig að þú getir einbeitt þér að öðru.

Afritum

Sjálfvirk öryggisafritun

Tölvuaðstoð sérhæfir sig í sjálfvirkri öryggisafritun sem tryggir að mikilvæg gögn séu stöðugt afrituð og geymd á öruggan hátt í tveimur gagnaverum á Íslandi og í Þýskalandi. Kerfið okkar býður upp á auðveldla endurheimt gagna.

 **TÖLVUAÐSTOÐ**

tolvuadstod.is

5 500 200

Eru þín netföng og lén í lagi?
Settu þig í samband við okkur
til að fá fría athugun.



↑ Friðþjófur 99 ára, með börnum sínum.

byggingafulltrúi Hafnarfjarðar og síðan forstöðumaður Fasteignaskráningar árið 1985 en þar starfaði hann þar til hann lauk störfum hjá bænum árið 1996.

Friðþjófur sat í nefndum á vegum Hafnarfjarðarbæjar, m.a. skipulagsnefnd og brunamálanefnd, og var skipaður virðingamaður til brunabóta í Hafnarfirði. Hann kom að byggingu fjölda húsa í Hafnarfirði, hannaði mörg íbúðar- og iðnaðarhús og gerði fjölda eignaskiptayfirlýsinga fyrir fjöleignarhús. Friðþjófur var ráðinn ritari yfirfasteignamats-nefndar ríkisins þegar hann hætti störfum hjá Hafnarfjarðarbæ og starfaði þar til ársins 2010.

Árið 1950 kvæntist Friðþjófur Elínu Arnórsdóttur (1926-1973) og eignuðust þau fimm börn. Seinni eiginkonu sinni, Þóru Valgerði Antonsdóttur (1936-2019), kvæntist Friðþjófur 1978.

Friðþjófur var einn helsti hvatamaður að stofnun Lúðrasveitar Hafnarfjarðar árið 1950, var formaður hennar um árabíl og fyrsti klarínnettuleikari sveitarinnar. Þá lék hann einnig með danshljómsveitum en þekktust þeirra var Kátir piltar (sú eldri) úr Hafnarfirði. Að auki var Friðþjófur félagi í íþróttafélaginu Haukum og lék með meistaraflokkum félagsins í knattspyrnu og handbolta á sínum yngri árum.

Friðþjófur hóf frímúrarastarfið í St. Jóhannesarstúkunni Eddu og fór upptökufundur hans fram í þáverandi húsnæði Reglunnar á efstu hæð Reykjavíkurapóteks að Austurstræti 16. Hann gerðist síðan stofnfélagi í St. Jóhannesarfræðslustúkunni Hamri í Hafnarfirði árið 1953 og stofnfélagi í St. Jóhannesarstúkunni Hamri árið 1963. Þar gegndi hann meðal annars embættum síðameistara, eldri stólvarðar og aðstoðarmeistara.

Fljótlega eftir að frímúrarastarf hófst í Hafnarfirði varð bræðrunum í fræðslustúkunni ljóst að ætti frímúrarastarf í bænum að þroskast og dafna yrði húsakostur stúkunnar að batna. Þá hafði fræðslustúkan um skeið

haft afnot af sal hjá Raftækjaverksmiðjunni hf., Rafha, við Lækjargötu en þrátt fyrir að hann væri notalegur voru þrengslin þar allt of mikil og hann á margan hátt óhentugur til starfsins. Var því farið að svipast eftir líklegu húsnæði eða stað, sem mætti byggja á. Friðþjófur tók virkan þátt í því og niðurstaða þess varð að lokum sú að bræðurnir töldu hagstæðast að taka tilboði frá Jóngeiri D. Eyrbekk um að byggja ofan á og við fiskbúð hans við Linnetsstíg 3. Í ágúst mánuði 1959 hafði Friðþjófur lokið við uppdrátt af fyrirhugaðri byggingu sem síðan var lagður fyrir byggingarnefnd Hafnarfjarðar. Friðþjófur lauk síðan við fullnaðarteikningar af húsinu ásamt Sigurði Ólafssyni bæjarverkfræðingi og voru þær samþykktar í byggingarnefnd í janúar 1960. Í október það sama ár var endanlega gengið frá samningi við Jóngeir D. Eyrbekk. Þess má geta að á þessum tíma var erfitt að fá byggingarleyfi fyrir nýbyggingum en auðveldara að fá leyfi til að byggja við eldra húsnæði. Það varð því að ráði að byggja ofan á og við fiskbúð Jóngeirs D. Eyrbekk en í rauninni var byggt í kringum fiskbúðina og hún svo rifin innan úr hinn nýju byggingu.

Friðþjófur hlaut X^o 2. febrúar 1984, heiðursmerki St. Jóhannesarstúkunnar Hamars árið 1973, 50 ára afmælismerki Reglunnar 2001 og var einstaklega virkur í frímúrarastarfinu alla tíð. Blessuð sé minning hans. ✨

†
Walter Schwartz
1948 – 2024

Þann 6. nóvember 2024, var bróðir okkar Walter Schwartz, yfirlæknir, kallaður til Austursins eilífa, 76 ára að aldri. Hann var fæddur 10. febrúar 1948.

Walter Schwartz gekk í dönsku Frímúrararegluna 4. apríl 1989. Hann hlaut 11. stig sem R&K í mars 2010. Hann var settur í embætti Stórmeistara Frímúrarareglunnar í Danmörku þann 1. júní 2013, og einnig var hann settur í embætti yfirmanns í „Royal Arch Sovereign Grand Chapter“ Danmerkur í mars 2023.

Schwartz hafði mikil áhrif á þróun reglustarfs í Danmörku. Hann var einnig mjög virkur í samstarfi reglnanna á Norðurlöndum. Þá var hann áhugasamur um að efla tengsl við regluumdæmi frímúrara, sem starfa eftir öðrum kerfum en hinu sænska.

Hann hlaut fjölda heiðursmerkja og viðurkenninga á liðlega 11 ára ferli sínum sem Stórmeistari. Hann var gerður að heiðursfélaga Frímúrarareglunnar á Íslandi árið 2014. Má geta þess að hann var félagi í Royal Order of Scotland og Royal Alfred Lodge í London.

Nákomnir vinir Schwartz minnst hans sem einlægs einstaklings innan við hrjúft yfirborðið, manns

sem var örlátur og umhyggjusamur gagnvart öðru fólki. Einkunnarorð hans voru að horfa á hlutina með hjartanu og er auðvelt að sjá að þau tengjast lífstarfi hans sem læknis, en líka vegna þess að honum var mjög annnt um kærleika, mannúð og umhyggju manna í milli.

Kerteminde á Fjóni var heimabær hans og var útför hans gerð frá Kerterminde-kirkju laugardaginn 16. nóvember 2024. Fulltrúi Frímúrarareglunnar á Íslandi við útförina var Valur Valsson, fyrrverandi stórmeistari Reglunnar.

Minningarhátíð hans verður haldin í regluheimilinu í Kaupmannahöfn laugardaginn 11. janúar 2025. Fulltrúar Íslensku Reglunnar á hátíðinni verða Kristján Þórðarson, stórmeistari og Kristján Sigfús Sigmundsson, hersir stórmeistarans, ásamt eiginkonum þeirra.

Við sendum eiginkonu bróður Walters Schwartz, frú Alice og fjölskyldu, bróðurlegar samúðarkveðjur frá bræðrum og systur innan Íslensku Frímúrarareglunnar.

Kristján Þórðarson
SMR



BOSS

BOSS BOTTLED
ABSOLU



ENGINN REYKUR
ENGIN ASKA
ENGINN STROMPUR
FULLKOMLEGA ÖRUGGT

Frelsið er yndislegt

Ein þekktustu eldstæði í heimi eru nú einnig fánleg í öruggri etanol útgáfu. Þau má setja upp nánast hvar sem er og við hvaða aðstæður sem er.

Engin þörf á strompi eða framkvæmdum!

Kynntu þér eldstæðin á jaxhandverk.is eða upplifðu í sýningarsal okkar, Súðarvogi 50.

JAX HANDVERK **FOCUS**

ÁVARP STÓRMEISTARA

Gleðilega jólahátíð

KRISTJÁN ÞÓRÐARSON

↑ SMR Kristján Þórðarson. Ljósmynd: Guðmundur Skúli Viðarsson.

Kæru bræður.

Ánægjulegt er að sjá hversu mikill kraftur og áhugi hefur ríkt á meðal bræðra á yfirstandandi starfsári. Athugun á fundarsókn í Jóhannesarstúkunum á síðastliðnu starfsári sýnir verulega aukningu á fyrstu þremur stigunum frá árinu áður. Enn þurfum við þó að gera betur, sem við getum með samstilltu átaki.

Minningarhátíðin var haldin í lok október og var aðsókn góð. Vil ég þakka bræðrunum fyrir þá virðingu sem þeir sýna minningu látinna bræðra. Góð aðsókn hefur einnig verið að öðrum fundum í Landsstúkunni og augljóst að bræður sækja þar fundi af áhuga sem og annars staðar.

Nokkur umræða hefur átt sér stað um bílastæðamál við Regluheimilið. Staðan er sú að bræður geta ekki treyst á bílastæði á lóðinni né í nærliggjandi götum. Innan skamms hefjast framkvæmdir á bílastæðinu við hlið heimilisins og ekki batnar ástandið við það. Nú þegar eru hafnar viðræður við eigendur nærliggjandi bílastæða um mögulegt aðgengi bræðranna að þeim, sem verður mjög mikilvægt að tryggja. Reglan mun áfram eiga sama fjölda bílastæða í bílajakjallara nýbyggingar sem þar er fyrirhugað að rísi.

Reynt hefur verið ítrekað að fá Reykjavíkurborg til að útbúa bílastæði fyrir fatlaða einstaklinga nær Regluheimilinu en nú er, en án árangurs.

Mjög mikið starf hefur farið fram innan Reglunnar á yfirstandandi starfsári. Má þar meðal annars nefna „Safnadaginn“ á Menningarnótt 24. ágúst, þegar Regluheimilið var opnað almenningi til skoðunar og fróðleiks. Samtímis var 100 ára sögu bókasafns Reglunnar minnst. Hátt í tvö þúsund manns, bræður og gestir þeirra, heimsóttu Regluheimilið þann dag og kynntust sögu Reglunnar, aðbúnaði og ekki hvað síst öflugum starfi bóka-, skjala-, tónlistar-, minja- og ljósmyndasafns Reglunnar. Af þessu tilefni var gefið út rit um 100 ára sögu bókasafnsins, en höfundur þess er Haukur Björnsson, fyrrverandi stólmeistari St. Jóhannesarstúkunnar Snorra. Þá var einnig endurútgefin 300 ára gömul bók, útgáfuár 1723, sem nefnist á frummálinu „Andersons Constitutions“. Þessi bók er talin eitt grundvallarrita frímúrarastarfs í heiminum. Auk þessarar endurútgáfu var íslensk þýðing, bróður Jóhanns Heiðars Jóhannssonar, á þessu merka riti gefin út sem viðauki við upphaflega enska textann sem og í sjálfstæðri kilju.

Bræður mínir, ég bið þess að Hinn Hæsti Höfuðsmiður leiði og lýsi ykkur og fjölskyldum ykkar og að jólahátíðin sem senn gengur í garð verði ykkur til gleði og hamingjuauka. ✨

Kærleikur, þakklæti Lifandi vitihlaðin heilög móðir jörð

Höfundur: Albert L. Albertsson
Ljósmynd: Ragnar Axelsson / RAX



Jörðin er staðsett á kjörstað í geimnum. Hún elur, nærir, lækna og klæðir allt líf í og á láði og legi. Móðir Jörð er heilög sköpun hins Hæsta höfuðsmiðs himins og jarðar. Hún er því heilög og okkur ber að ganga um hana með virðingu, lotningu, varfærni, í kærleika og af ábyrgð. Hvert sem litið er blasa við vitihlaðin lífræn- og ólífræn ferli kærleiksríkrar sköpunar og viðhalds. Að baki allri sköpuninni og viðhaldi hennar er óskilyrtur kærleikur Guðs.

Nú um nokkurn tíma hafa Suðurnesjabúar og að nokkru landsmenn allir fengið að reyna og upplifa svæðisbundna sköpun og viðhald jarðar. Plötur eða plötu-flekar á yfirborði jarðar eru að hnikast til, öflugar jarðskjálfta-hrinur tengdar plötu-hreyfingunum hafa skekið Suðurnesja-byggðir, funheit hraunkvika hefur margoft fyllt að minnsta kosti tvö kvikuhólf grunnt í jörðu undir Svartsengi. Þegar þetta er ritað hafa kvikuhólfín tæmt sig að minnsta kosti tíu sinnum, sem myndbirst hefur í falllegum eldgosum.

Fylling og tæming

Við fyllingu og tæmingu kvikuhólfanna lyftist jörð um nokkra sentímetra og hnígur svo þegar hólfín tæmast, jörðin hefur sinn andardrátt. *Jörðin er lifandi.* Mennirnir, dýrin, gróður og allt líf frá hinu smæsta til hins stærsta á jörðu og í henni grunnt sem djúpt er jörðin. Við mennirnir erum ekki á jörðinni, við erum jörðin, hluti hennar. Maðurinn sem og jörðin er heilög sköpun Hins hæsta.

Jarðhræringarnar, sem eru lifandi kaflar í sköpunarsögunni, hafa tímabundið slegið heilt bæjarfélag illa, Grindavík. Innviðir, mannanna verk hafa skemmst og gengið úr lagi, íbúðar- og atvinnuhúsnæði hefur eyðilagst, vegir skemmst, jarðlagnir farið í sundur og jörð víða rifnað í bænum. Viðsjárverðar sprungur bæði sýnilegar og ósýnilegar mynda nú ör og skurfur í andliti bæjarins.

Guðsmildi er að hamfarirnar, jarðskjálftarnir, kvikuhlaupin og eldgosin hafa ekki beint valdið mannskaða. Einn karlmaður sem vann við að fylla upp í sprungu inni í miðri Grindavík féll niður í sprunguna, lést

og hefur ekki fundist þrátt fyrir mikla leit. Snertur bið ég í kærleika Hinn hæsta höfuðsmið himins og jarðar að varðveita sál og anda hins látna og að vera aðstandendum hans huggun gegn harmi.

Þungar búsifjar

Langvinnu jarðhræringarnar hafa veitt Grindvíkingum og fyrirtækjum þeirra þungum búsifjum. Íbúunum var margoft gert að rýma bæinn sinn og flestir hafa nú, tímabundið að minnsta kosti, fundið sér dvalarstað í öðrum bæjarfélögum. Höggið sem nánast í einni svipan skall á Grindvíkingum var og er afar þungt, illskiljanlegt þeim sem ekki hafa upplifað það. Fjölskyldum og vinum tvístrað, börn slitin frá skóla- og íþróttafélögum sínum, þeim dreift í aðra skóla, nýja bekki með nýjum skólafélögum, nýjum staðblæ og síðum. Reglubundnu lífi allra ungra sem gamalla umturnað, tætt í sundur sem hendi væri veifað, fjöldinn missti vinnuna og margir misstu að auki híbýli sín.

Ekki er að undra að margir Grindvíkingar séu uggandi um framtíð bæjarins nú þegar ekkert lát virðist vera á kvikusöfnun, kvikuhlaupum og eldgosum. Spurningar vakna, standast tröllstöru og hugvitssamlegu leiðigarðarnir áraunina af nýju hraunrennsli, verði gos hvar brýst það upp innan eða utan við garðana, ætlar þessi goshrina aldrei að taka enda? Á ég að flytja til Grindavíkur eftir goslok, hvenær sem þau nú verða? Hvað þarf til að ég flytji aftur heim til Grindavíkur?

Nú um stundir eru þessar áleitnu spurningar og svo margar, margar fleiri að brjótast um í hugum og hjörtum Grindvíkinga. Spurningarnar eru sérstaklega sárar nú um hátíðirnar. Okkar kristna uppeldi kennir okkur að huggun og hughreystingu fær hver sá sem meðtekur skært kærleiks-ríkt ljós jólanna og mun öðlast innri frið og sýn út yfir og í gegnum dökk ský sem nú grúfa yfir Grindavík.

Margt að þakka fyrir

Þrátt fyrir þungbæra tímabundna erfiðleika höfum við fyrir svo mikið að þakka, *erfiðleikana þar með.*

Undravert er að eldgosin, jarðskjálftarnir og hamfarirnar hafa til þessa ekki beint valdið mannskaða. Líf bróður okkar sem týndist í gímaldssprungu í miðjum bænum varðveitum við í hugum okkar og bænum.

*Fyrir þetta ber okkur að þakka,
að baki býr skært ljós kærleikans.*

Suðurnesjamenn hafa óslitið í hart nær 50 ár fengið kalt ferskt hraun- og gjallsíað grunnvatn úr hraununum á hóflegu verði. Að sama skapi hafa Suðurnesjabúar fengið óslitið í hart nær 50 ár heitt drykkjarhæft grunnvatn til upphitunar húsa, iðnaðar og neyslu á hóflegu verði.

*Fyrir þetta ber okkur að þakka,
að baki býr skært ljós kærleikans.*

Plötu-hreyfingarnar, jarðskjálftarnir þeim tengdum, kvikusöfnun, kvikuskot og eldgos hafa kennt sérfræðingum okkar svo margt nýtt sem nýtast mun næstu kynslóðum og auðvelda þeim að búa örugg á okkar góða landi. Vegaslóðar voru lagðir yfir nýrunnið og nánast glóandi hraun. Hraunstraumur tók á kafla í sundur stofnlögn hitaveitu frá Svartsengi til Keflavíkur.

Til að koma heitavatnsrennsli á sem fyrst var ákveðið að leggja óeinangraða stállögn/pípu í nýrunnið hraunið við hlið hraunslóðans. Viðgerðin var unnin fumlaust og fljótt af afburða flinkum fagmönnum. Hraunrennsli hefur einnig slitið í sundur margs konar jarðlagnir og línur háspennu-mastra. Viðgerðir voru unnar fljótt, vel og faglega af afburða flinkum fagmönnum. Mikill lærdómur og ný reynsla fékkst við að kljást við viðgerðirnar.

*Fyrir þetta ber okkur að þakka,
að baki býr skært ljós kærleikans.*

Hugvitssamlegir tröllslegir leiðigarðar til varnar mannvirkjum hafa til þessa virkað vel, eins og til var ætlast. Fjöldi vinnufúsra manna vann nætur og daga að hönnun og gerð garðanna. Þjóðin öll stóð einhuga að baki framkvæmdunum og studdi þær. Í þessu felst einlægur kærleikur sem okkur ber að þakka fyrir.

Eldsumbrotin og viðureignin við þau hafa leitt af sér margs konar nýja þekkingu og reynslu sem nýtast mun næstu kynslóðum Suðurnesja og víðar.

Öflugar jarðskjálftahrinur, afleiðing plötu-hreyfinga brjóta upp jörð og mynda farvegi djúpt í heitu bergi fyrir vatn að hríslast um. Vatnið tekur í sig varma úr berginu, það flutt til yfirborðs um borholur þar sem varmi vatnsins er nýttur, meðal annars til framleiðslu á raforku og heitu hreinu vatni til húshitunar.

Á um fjögurra til fimm kílómetra dýpi mynduðust hið minnsta tvö kvikuhólf sem ýmist fylltust eða nánast tæmdust. Kvikan sem kom að neðan þrýsti sér inn í sprungur



og glufur umhverfis kvikugangana og kvikuhólfín. Eld-
virknin hefur með öðrum orðum séð til þess að á stóru svæði
á vinnanlegu dýpi er nú kominn firnamikill auðnýtanlegur
varmaforði fyrir kynslóðir næstu alda til að virkja til hús-
hitunar, iðnaðar og annarra nota.

*Fyrir þetta ber okkur að þakka,
að baki býr skært ljós kærleikans.*

Því miður er það svo að maður nútímans hefur að mestu
glatað þeim eiginleika að geta lesið náttúruna, dvelja í
henni, sameinast henni og sjá og upplifa kærleikann að baki
náttúrunni, lögmálum hennar og fjölbreytileika.

Mér þykir við hæfi að vitni í Gísla heitinn á Uppsölum,
fallegan, heiðvirðan, einlægan og trúaðan Íslending. Gísli
las náttúruna, sameinaðist henni og gerði sér grein fyrir og
upplifði kraft Kærleikans að baki náttúrunni og lögmálum
hennar. Bæn Gísla á jólum:

*Jólin færa frið til manns
Fegurð næra hjarta.
Ljósíð kæra lausnarans
Ljómar skæra hjarta.*

*Gef mér kærleik gef mér trú,
Gef mér skilning hér og nú.
Ljúfi drottinn lýstu mér
svo lífsins veg ég finni.
Láttu ætíð ljós frá þér
ljóma í sálu minni.*

Eldsumbrotin og afleiðingar þeirra kölluðu æ ofan í æ fram
í huga minn mögnuðu línurnar í upphafi seinna erindisins:
Gef mér kærleik gef mér trú, Gef mér skilning hér og nú.
Eldsumbrotahrinan kallaði einnig fram í huga minn
tilvitnun í hina helgu bók: Nú ríkir trú, von og kærleikur.
Af þessu þrennu er kærleikurinn mestur. ✨

*Í einlægni og kærleika
Albert L. Albertsson*



Gillibo ehf.
málarameistari



TOPP ÚTLIT
-merkningar-



Nesey ehf.

K.C.-MÁLUN.is



EXPERT



Endurgreiðslur í 30 ár



Á hverju ári fá þúsundir tjónlausra viðskiptavina Sjóva
Stofnendurgreiðslu. Þannig hefur það verið í 30 ár.

SJÓVÁ

Sjóvá | Kringlunni 5 | 440 2000 | sjova@sjova.is


WACACO

10 DROPAR HVAR SEM ER

EXAGRIND

Kaffikvörn sem malar **20 g**
53 x 67 x 143 mm



NANOPRESSO

18 bör / 80 ml
62 x 71 x 156 mm
fyrir hylki eða
malað kaffi



PICOPRESSO

18 bör / 80 ml
71 x 78 x 106 mm
fyrir malað kaffi



MINIPRESSO NS2

18 bör / 80 ml
60 x 70 x 129 mm
fyrir hylki



Hvort sem þú ert að fara í gönguferð, útilegu, gista á hóteli eða vilt einfaldlega njóta ilmandi kaffis með engri fyrirhöfn heima eða á skrifstofunni, þá eru nettu og handhægu **WACACO** kaffivélarnar tær snilld hvenær sem er.

Vélarnar virka þannig að þú fyllir vatnsgeymi með sjóðandi vatni, setur malað kaffi eða kaffihylki í efri hlutann, pumpar svo í 18 bör og lætur ljúft kaffið streyma beint í bollann.



Sjáðu **WACACO** úrvalið í netverslun.



TRAUST FJÖLSKYLDUFYRIRTÆKI FRÁ 1998



VEIÐIHORNIÐ

Síðumúla 8 • 108 Reykjavík • S: 568 8410